



# Flugslysaæfingin Akureyri 2013



Lokaskýrsla



Þessari skýrslu fylgir DVD diskur sem inniheldur:

- Rafrænt eintak af þessari skýrslu.
- Fjölda mynda sem teknar voru á æfingunni
- Hljóðupptöku af rýnifundi sem haldinn var eftir æfinguna



# Efnisyfirlit

Inngangsorð.....	7
Orðskýringar.....	8
Samantekt lærdómsatriða flugslysæfingarinnar Akureyri 2013.....	9
Æfingastjóri – Kristján Torfason.....	12
Leikarar og förðun – Vigdís Agnarsdóttir.....	15
Aðgerðarstjórn – Daníael Guðjónsson.....	17
Aðgerðarstjórn Framkvæmdir – Margrét Guðjónsdóttir og Þorbjörn Guðrúnarson.....	19
Vettvangsstjórn – Hermann Karlsson.....	21
Gæslustjóri – Jóhann Olsen.....	24
Fyrstu aðgerðir á vettvangi – Lárus Gunnlaugsson.....	26
Björgunarstjóri - Slökkvilið Akureyrar – Ólafur Stefánsson.....	28
Flutningastjóri – Halldór Halldórsson.....	31
Aðhlyningarstjóri – Björk Jóhannsdóttir.....	33
Heilbrigðisstarfsfólk. Greining og ummönnun slasaðra – Bára Benediktsdóttir og Helga Rósa Másdóttir....	36
Rauði krossinn á Akureyri – Guðný Bergvinsdóttir og Hafsteinn Jakobsson.....	38
Rauði krossinn, fjöldahjálpar, aðstandendur, aðhlyning – Jón Brynjar Birgisson og Guðný Björnsdóttir.....	41
Samráðshópur áfallahjálpar í umdæmi lögreglunar á Akureyri – Ingibjörg Ingimundardóttir og Guðný Bergvinsdóttir.....	43
Slysa- og bráðamóttaka Sjúkrahússins á Akureyri – Pálmi Óskarsson.....	44
Sjúkrahúsið á Akureyri - Viðbragðsstjórn – Hildigunnur Svavarsdóttir.....	46
Flugturninn Á Akureyri – Sigurjón Jónasson.....	48
Vettvangsstjórn – Kristján Kristjánsson.....	50
Gæslustjóri – Eggert Magnússon.....	52
Uppsetning slysavettvangs – Eðvald Lúðvíksson, Óskar Karlsson, Grétar Karlsson, Veigar Þ. Guðbjörnsson, Haraldur Jakobsson, Rúnar Þórmundsson og Einar M. Jóhannesson.....	54
Flutningsstjóri - Björgunarsveitir – Friðfinnur Freyr Guðmundsson.....	57
Rýnifundur – Bjarni Sighvatsson.....	59



**Þessi skýrsla er gefin út af Isavia ohf.**  
**Efnisyfirlitið hér að ofan gefur til kynna hverjir eru höfundar einstakra kafla**  
Umsjónarmenn með útgáfu þessarar skýrslu eru:  
Kristján Torfason - kristjan.torfason@isavia.is  
Bjarni Sighvatsson - bjarni.sighvatsson@isavia.is





# Fluglysaaefingin Akureyri 2013



## Fimmtudagur 2. maí

### Klukkan 11:00 – Boðunarprófun

Allir fá boð (þ.e. þeir sem eru á boðunarlista 112 undir „Boðunarprófun-Neyðarstig-Rauður-Akureyrarflugvöllur-ekki þörf á svörum“) samkvæmt fluglysaaætlun. Þið sem ekki fáið boð látið talsmann ykkar viðbragðshóps vita og hann kemur

### Leikarafundur

**Staður:** Leikfélagshúsið-Hafnarstræti 57.

**Klukkan 20:00**

**Allir sem ætla að leika sjúklinga á æfingunni mæti.**

### Setning æfingarinnar

#### Opin öllum þátttakendum

**Staður:** Verkmenntaskólinn

**Klukkan 17:30 til ca. kl 18:45**

Dagskrá fundarinnar:

1. Æfingin sett. Umdæmissjóri Isavia. Hjördís Þórhallsdóttir
2. Endurskoðuð fluglysaaætlun fyrir Akureyrarflugvöll. Fjarskiptaskipulag æfingarinnar. -Almannavarnadeild RLS.Rögnvaldur/Kristján
3. Æfingin kynnt-söfnunarsvæði-akstur. Kristján Torfason Isavia
4. Rannsókn fluglysaa og vermdun vettvangs. Þorkell Ágústsson-RNF.
5. Fyrirspurnir.

## Föstudagur 3. maí

Fyrir hádegis: Sjóæfing fyrir Akureyrarhöfn (lóðsbáta)

### Skrifborðsæfing

**Klukkan 16:00**

**Staðsetningar:** Lögreglustöð

**Aðgerðarstjórn, Vettvangsstjórn, Verkbáttastjórnar**

### Förðunar-hópur/námskeið

**Staður:** Leikfélagshúsið-Hafnarstræti 57.

**Klukkan 20:00**

**Allir þeir sem sjá um förðun/efirlit með leikurum**

### Stöðufundur

#### Opin öllum þátttakendum

**Staður:** Verkmenntaskólinn

**Klukkan: 17:30 til ca. 18:50**

**Dagskrá:**

1. Handritið-Umönnun sjúklinga, Öryggi-ALVARA-Ráðgjafar- Gestadagskrá
2. Aðgerðarstjóri kynnir heildarmyndina og störf aðgerðarstjórnar og hverjir stjórna verkþáttum.
3. Vettvangsstjóri kynnir störf vettvangsstjórnar á æfingunni og annað sem skiptir máli.
4. Ábendingar verkbáttastjóra ofl.
5. Flæði slasaðra í fluglysi. Bára Landspítali
6. Þyrliflug á æfingunni-LHG.Ingimar Isavia
7. Fyrirspurnir-tilkynningar.

## Laugardagur 4. maí

### Förðun leikara

**Staður:** Leikfélagshúsið-Hafnarstræti 57.

**Klukkan 07:00**

**EFTIR ÆFINGUNA VERÐUR PIZZUVEISLA FYRIR LEIKARA EINNIG VERÐUR FRÍTT Í SUND FYRIR LEIKARA.**

### Fluglysaaefingin hefst.

**Kl. 10:00 (ca.)**

**Neyðarlínan boðar:**

**„Æfing-Akureyrarflugvöllur-Neyðarstig-land-rautt-Æfing“**

**EFTIR ÆFINGUNA VERÐUR BOÐIÐ UPP Á KJÓTSÚPU Á SÖFNUNARSVÆÐI SLASAÐRA SSS.**

### Frágangur tóla og tækja

Viðrunarfundir starfseininga og bráðabyrgða skýrslur gerðar

### Rýnifundur

#### Opin öllum þátttakendum

**Staður:** Verkmenntaskólinn

**Klukkan 15:00**

#### Dagskrá rýnifundar:

1. Almennt um/stóra myndin
2. Aðgerðarstjórn
3. Stærri vettvangsstjórnar
4. Leit og björgun
5. Söfnunarsvæði slasaðra
6. Lokanir/umferðjafning
7. Móttaka og flutningur
8. Aðstandendur/fjöldahjálpi
9. Störf flugvallafólks
10. Fjarskipti/boðanir
11. Umræður
12. Næstu skref
13. Æfingu slitið

## Inngangsorð.

Daganna 2.-4- maí 2013. Voru haldnar tvær flugslysaæfingar á og við Akureyrarflugvöll. Fyrri æfingin var lítil en hún var sjóæfing en sú síðari var stór flugslysaæfing.

Æfingarnar voru liður í því skipulagi Isavia að halda eina viðamikla flugslysaæfingu á hverjum áætlunarflugvelli ekki sjaldnar en á fjögurra ára fresti.

Þessi æfing er í röð margra æfinga sem haldnar hafa verið undanfarin ár á öllum áætlunarflugvöllum landsins.

Að undirbúningi æfingarinnar og að sjálfri æfingunni kom að venju hópur manna af höfuðborgarsvæðinu, svokallaður ráðgjafahópur.

Hópur þessi samanstendur af sérfræðingum úr hinum ýmsu starfsstéttum og tengist starf hvers ráðgjafa samsvarandi starfseiningu viðkomandi æfingarsvæðis.

Ráðgjafahópurinn fundar og skipuleggur frumvinnu við undirbúning æfingarinnar og í framhaldi af því er farið á viðkomandi stað og haldnar kynningar og kennslunámskeið í samvinnu eða annað að óskum heimamanna.

Heildarskipulag hvernar æfingar byggist á viðbragðsáætlun sem Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra í samvinnu við Isavia, gefur út fyrir hvern flugvöll.

Samhliða æfingunum er því annaðhvort unnið að gerð nýrrar flugslysaáætlunar fyrir viðkomandi flugvöll eða þá að sú sem fyrir er tekin til endurskoðunar, bæði fyrir æfinguna svo og er hún yfirfarin í ljósi reynslunnar af æfingunni og lagfærð eftir því.

Þessi endurskoðun kemur líka viðbragðsaðilum hvers staðar til góða þar sem menn rýna í sinn þátt í áætluninni og gefst bæði tækifæri til að hafa áhrif á áætlunina sjálfa svo og einnig að aðlaga starf sitt og skipulag að henni eða breytingum sem á henni kunna að vera gerðar.

Venjulega er mikið lagt undir þegar æfingar eru haldnar.

Viðbragðsaðilar hvers staðar rýna í innra skipulag sitt og búnað og leitast við að bæta hvorutveggja eftir þörfum. Oft er farið út í meiri og minni fjárfestingar í hlutun sem menn telja vanta til þess að eining þeirra geti staðið undir væntingum.

Það er því ljóst að mikið er lagt undir bæði með mikilli vinnu svo og útlögðum kostnaði. Síðast en ekki síst er mikil framlegð sjálfboðaliða, en án þeirra yrði víða harla lítið úr flugslysaæfingum, nyti þeirra ekki við.

Leitast er við að hafa skýrslu þessa sem einfaldasta og auðlesna. Útgáfa hennar hefur eitt aðalmarkmið:

***Að draga fram hvað vel fór í viðkomandi æfingu og undirbúningi hennar svo viðbragðsaðilar viti hvað þeir gerðu rétt og læri af því....  
Að draga fram hvað betur hefði mátt fara í viðkomandi æfingu og undirbúningi hennar svo viðbragðsaðilar geti dregið lærdóm af því og bætt úr.***

## Orðskýringar.

### **Ráðgjafahópur.**

Ráðgjafahópur er hópur fólks af Reykjavíkursvæðinu og frá Akureyri sem hefur aflað sér sérþekkingar á sviði hópslysaviðbúnaðar, hver á sínu sviði. Hópurinn mætir á þann stað þar sem halda á æfingu, tryggir heimamönnum ákveðna fræðslu og aðstoðar við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu æfingarinnar. Á æfingunni sjálfri eru þeir eftirlitsmenn og ráðgjafar og eru staðsettir þar sem sérþekking þeirra kemur að mestum notum.

### **Aðgerðarstjórn (AST).**

Aðgerðarstjórn fer með yfirstjórn aðgerða og er oftast staðsett á lögreglustöð staðarins eða aðsetri almannavarna. Hana myndar hópur staðarmanna þar sem hver og einn starfar vegna þekkingar eða tengsla við viðbragðshópa starfshópa. Til dæmis fulltrúar löggæslu, björgunarsveita, heilbrigðismála, vegamála, slökkvímála og fleira í þeim dúr. Yfirmaður hópsins er lögreglustjóri staðarins eða fulltrúi hans. Verkefni aðgerðarstjórnar er að hafa heildaryfirlit yfir aðgerðirnar, útvega bjargir, sjá um flutning sjúklinga úr héraði, samræma aðgerðir í héraði og vera tengiliður samræmingarstjórnar í miðstöð almannavarna í Skógarhlíð í Reykjavík.

### **Vettvangsstjórn (VST).**

Vettvangsstjórn er lítill hópur fagmanna (oft 2-5) er aðgerðarstjórn skipar til þess að fara með stjórnun aðgerða á (slysa)vettvangi. Vettvangsstjórn sem starfar oftast nærri vettvangi, upplýsir aðgerðarstjórn um gang mála, skipar verkþáttarstjóra eftir atvikum, útvegar bjargir og mannskap og tekur aðrar ákvarðanir er lúta að framgangi aðgerða á vettvangi.

### **Verkþáttastjórar.**

Verkþáttastjórar eru undir stjórn vettvangsstjórnar. Þeir sjá um sjálfstæð verksvið, fá bjargir og ráð hjá vettvangsstjórn og upplýsa hana um gang mála.

**Björgunarstjóri** stjórnar björgunarstörfum á vettvangi, slökkvistörfum, frumgreiningu og leit að fólki.

**Aðhlyningarstjóri** stjórnar greiningarstöð, sér um sjúkra- og fjöldahjálp, forgangsroðun sjúklinga og ákveður flutning þeirra.

**Gæslustjóri** sér um lokun og verndun innri svæða (slysstaðurinn) og lokun ytri svæða, umferðastjórnun og almenna gæslu.

**Flutningastjóri** sér um móttöku bjarga og ákveður biðsvæði, bæði skráningu og skipulagningu. Hann sér um flutning slasaðra af skaðasvæði í greiningu og á sjúkrahús eða annað eftir ákvörðun aðhlyningarstóra.

### **Lausnaraðilar.**

Lausnaraðilar eru allir þeir viðbragðsaðilar heimamanna sem að aðgerðum og lausnum mála koma og vinna beint og óbeint undir stjórn aðgerðar- og vettvangsstjórna. Dæmi um lausnaraðila eru: slökkviliðsmenn, björgunarsveitir, lögregla, heilbrigðisfólk, Rauði krossinn og margir fleiri.

### **Samhæfingarstöð (SST).**

Samhæfingarstöð almannavarna er staðsett í Skógarhlíð í Reykjavík. Verkefni samhæfingarstöðvarinnar er að aðstoða t.d. aðgerðarstjórnir á landsvísu, útvega hverskins bjargir og samræma störf aðgerðarstjórna þegar umfang aðgerða krefst þess. Hana mannar fólk með sérþekkingu á ýmsum sviðum er snerta björgunarmál svo og fulltrúar ýmissa opinberra stofnanna.

## Samantekt lærdómsatriða flugslysaæfingarinnar Akureyri 2013.

Athugið að hér eru aðeins teknir nokkrir punktar úr skýrslum frá ofangreindri æfingu til þess að draga fram það sem telja má til helstu atriða. Það þurfa ekki að vera sömu atriði sem höfundar skýrslna telja mikilvægust. Einkum er dregið fram það sem breyta/bæta þarf með tilliti til þess að kerfið virki en lítið um ábendingar sem snúa beint að einstökum atburðum sem ekki höfðu bein áhrif á æfinguna. Nauðsynlegt er að lesa nánar skýrslu viðkomandi til þess að fá skýrari mynd af málinu.

### ❖ Aðgerðarstjórn

- Taka þarf nýjustu tækni í notkun og gera aðgerðarstjórn kleift að fylgjast með eða að hafa yfirlit yfir vettvang. Þetta mætti gera með með vefmyndavélum.
- Bjargir voru of litlar miðað við umfang slyssins (pax 90).

### ❖ Aðgerðastjórn-Framkvæmd

- Sjúkraflugslæknir fékk boð um að vera í biðstöðu. Breyta þarf skipulagi þannig að hann sé kallaður út við flugslys.
- Umfang og alvarleiki slyss lá seint fyrir og skoða þarf hvort við útkall „Rautt“ eigi Aðgerðarstjórn tafarlaust að mæta til stjórnstöðvar.  
*Ábending: Rautt í útkalli þýðir að 10 eða fleiri hafa lent í slysinu.*
- Tryggja þarf Tetrasamband milli læknis greiningarsveitar og fulltrúa heilsugæslu í Aðgerðarstjórn.
- Einhver þarf að gefa skýr fyrirmæli um að skipta upp talhópum þegar álag fjarskipta er orðið mjög mikið.
- Fagfólk til aðstoðar greiningarsveit ætti að senda sem fyrst á vettvang þar sem það nýtist mest. Það gæti síðan farið eða fylgt þolendum á sjúkrahús.
- Í jafn stóru verkefni og þessi æfing var er rétt að íhuga að „Framkvæmd“ fái aðstoðarfólk vegna mikils álags.

### ❖ Vettvangsstjórn (VST)

- Leggur áherslu á að Vettvangsstjórnarmenn kynni sér rækilega störf hennar og vinnuferla.
- Skrifa ætti í flugslysaáætlun að sendir verði strætisvagnar á MÓT til nota fyrir vettvangsstjórn.
- Slys af þessari stærðargráðu langt fyrir ofan getu kerfisins á/við Akureyri.
- Leggur til að flugturn verði settur á sér talhóp til samskipta við VST.

### ❖ Aðhlyningarstjóri

- Greiningarsveit ætti að eyða litlum tíma á slyssað en því meiri á SSS. Sæmilega þjálfaðir geta bráðaflokkar á SLY og sent á SSS þar sem greiningarsveit nýtist mun betur.
- Aðhlyningarstjóri var ekki merktur og leit því út eins og allir hinir. Þarf að merkja rækilega.

- Nýta mætti hluta starfsfólks sjúkrahúss á SSS í byrjun aðgerðar og færa þá síðan aftur á sjúkrahús þegar flutningar þolenda hefðust þangað.
- Aðhlygning þolenda er forgangsáðgerð í flugslysi. Þeir ættu að fá besta atlætið sem til er á Akureyrarflugvelli. Það er flugstöðin en ekki slökkvistöðin. Legg til að flugstöðin verði skráð sem SSS í framtíðinni.
- Fara þarf yfir og etv. endurskoða samskiptaleiðir milli aðhlygningarstjóra og viðbragðsstjórnar FSA.

#### ❖ **Björgunarstjóri**

- Það vantar fleiri talstöðvar og heyrnartól/hljóðnema í eyru.
- Auðkenna þarf björgunarstjóra og aðstoðarmann hans.

#### ❖ **Flutningastjóri**

- Flutningastjóri ásamt björgunarsveitum þurfa að ræða saman um aðferðafræði til þess að stjórna og nýta flutningsgetu sveitanna í stórum aðgerðum.
- Merkingar stjórnenda voru í algerum ólestri.
- Æfa þarf fjarskipti og fjarskiptaaga.

#### ❖ **Gæslustjóri**

- Koma þar á hreint með dreifingu einkennisvesta til verkþáttastjórnenda.
- Fleiri lögreglumenn þarf til þess að geta stjórnað jafn viðamiklum vettvangi.

#### ❖ **Rauði krossinn Akureyri**

- Æskilegt væri að „First responder“ hópur Rauða krossins og fyrstuhjálparhópar björgunarsveitar komi saman og fari yfir verkferla í aðgerðum, skoði búnað hvers annars og ræði um flest sem gagnast getur til þess að samvinna og árangur þeirra yrði sem árangursríkust í aðgerðum.
- Skrá þarf „First responder“ hópinn þannig að þeir fái boð í útkalli og mæti beint á SSS til aðstoðar við aðgerðarstjóra. Verkefni þeirra verði einnig skráð í flugslysaáætlun.

#### ❖ **Sjúkrahús-Viðbragðsstjórn**

- Meðal annars má nýta reynslu af æfingunni til þess að gera eyðublöð sem tryggja betur upplýsingaflæði innanhúss í aðgerðum.
- Nýta betur mannauðinn með því að senda fleiri á SLY og eða á SSS til hjálpar amk. í fyrsta fasa aðgerða. Þeir gætu síðan farið til baka á sjúkrahús þegar henta þætti.

#### ❖ **Sjúkrahús Akureyrar**

- Ofmetin var geta sjúkrahússins til þess að taka á móti „rauðum“ sjúklingum.
- Nýta lausan mannskap sjúkrahúss til þess að gera gagn á SLY og SSS sérstaklega í fyrsta fasa æfingar.

#### ❖ **Samráðshópur áfallahjálpar**

- Kynna þarf starf, hlutverk og merkingar samráðshóps á sameiginlegum fundum æfinga.
- Telja marga þá sem léku sjúklinga of unga.
- Leiðréttu skammstöfun á Sjúkrahúsi Akureyrar í flugslysaáætlun úr „SA“ í „FSA“.
- Telja breyta ætti um „SSL“ (söfnunarsvæði látinna).
- Bent er á villur fleiri í flugslysaáætlun.

#### ❖ **Ráðgjafi í Aðgerðarstjórn**

- Bæta má fjarskiptaskipulagið en heimamenn þurfa að tjá óskir sínar um hvað betur mætti fara og hverju breyta.

#### ❖ **Ráðgjafi í Vettvangsstjórn**

- Skrifborðsæfing var of stutt.
- Þyrlur ættu alfarið að vera í höndum vettvangsstjórnar.
- Menn þurfa að bæta verulega þekkingu á og æfa notkun SÁBF kerfisins.

#### ❖ **Ráðgjafar á SLY (slökkvi -og björgunarmál)**

- Þjálfar Flugþjónustumenn í notkun Bens slökkvibílsins sem er í sameign Isavia og Slökkviliðs Akureyrar.
- Menn hafi alltaf í huga að huga vel að því fólki sem unnið er við að bjarga og upplýsa það um hvað sé í gangi.
- Gátlisti björgunarstjóra væri hjálplegur.
- Merkingar á björgunarstjóra eru nauðsynlegar.
- Vera meðvituð um að nýta slökkviliðsmenn sem allra best og láta þá sem ekki eru bundnir í störfum vinna við til dæmis bráðaflokkun, söfnunarsvæði á slyssað eða annað.

#### ❖ **Ráðgjafi leikara**

- Aðstaðan fyrir förðun og ummönnun leikara var mjög óheppileg. Vinnuaðstaðan var þröng og dimm og engin aðstaða fyrir afþreyingu.
- Athuga þarf í tíma hvort aðstaða til förðunar uppfylli þarfir.
- Alls ekki er heppilegt að fjölga þolendum svo seint sem gert ver á æfingunni.
- Björgunarmenn verða að passa sig á því að klippuvinna er ekki bara verkefni. Tala þarf við þolendur allan tímann og upplýsa þá um hvað sé í gangi og eða standi til.

#### ❖ **Ráðgjafi Rauða krossins**

- Æfingastjórn þarf að skipuleggja betur atriði er snúa að leikurum, aðstöðu þeirra, umfang æfingar.
- Rauði krossinn lýsir sig reiðubúinn til frekari aðkomu að leikaramálum.
- Athuga ætti með að sameina sameiginlega fundi og etv.nýta tímann öðruvísi.

# Flugslysaæfingin Reykjavík 2012 - Skýrsla æfingarstjóra

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

**Æfingastjóri – Kristján Torfason**

## Til hvers, fyrir hverja, tilgangur.

Þetta er svokölluð lokaskýrsla flugslysaæfingar sem haldin var 4. maí 2013 á og við Akureyrarflugvöll. Slík skýrsla er gerð í lok hvernar æfingar og er hún send forsvarsmönnum viðbragðseininga ásamt mynddiski þar sem safnað hefur verið saman myndefni frá æfingunni. Einnig er þessi skýrsla send rafrænt til viðbragðseininga og sett á vefsíðu ISAVIA (isavia.is) og væntanlega á facebook í nánustu framtíð.

### **Til hvers.**

Í lok hvernar æfingar er haldinn rýnifundur þar sem talsmaður hvernar viðbragðseiningar og fleiri skýra frá því sem var þeirra upplifun á æfingunni. Bæði það sem vel fór og miður í undirbúningi hennar svo og hvað vel fór og miður við framkvæmt æfingarinnar. Við biðjum síðan sömu aðila að taka saman þessa punkta og setja á ákveðið form sem síðan fer í lokaskýrslu. Þetta eru lærdómsatriði æfingarinnar sem alls ekki mega fara forgörðum. Æfing ein og sér er góð og öllum er nauðsynlegt að æfa ætli þeir að ná færni í því sem þeir eru að gera. En í ljósi þess að flugslysaæfingar eru haldnar á hverjum flugvelli á fjögurra ára fresti er ljóst að það er nauðsynlegt að æfingarnar leiði til þess að það sé notað sem vel hefur reynst og ekki síður að það sé lagað sem miður hefur tekist.

### **Fyrir hverja.**

Skýrslan er fyrir alla þá sem tóku þátt í æfingunni og ekki síður fyrir þá sem ekki tóku þátt eins og þá sem hefja störf í einhverri viðbragðseiningu á milli æfinga. Allir munu njóta afrakstursins ef skýrslan leiðir til þess að viðbragðseiningar framkvæmi endurbætur á sínu verklagi.

### **Tilgangur.**

Tilgangurinn með útgáfu skýrslunnar er að gera viðbragðseiningar hæfari til þess að bregðast við hópslysi.

- Með því að læra af nýliðinni æfingu.
- Með því að einstaklingar fari yfir lærdómspunkta sinnar einingar og bæti út því sem miður fór.
- Með því fara yfir lærdómspunkta annarra viðbragðsaðila og sjá hvort um sameiginleg vandamál hefur verið að ræða sem bæta mætti úr.
- Með því að yfirfara flugslysaáætlunina, bæði kafla 8 þar sem verkefnum hvernar viðbragðseiningar er lýst og skoða einnig aðra kafla þar sem farið er yfir verksvið, samvinnu og fjarskipti og koma hugmyndum um úrbætur áfram.

Tilgangurinn með útgáfunni er einnig sá að gera viðbragðsaðilum kleyft að hafa yfirsýn yfir þau atriði sem bæta þarf til þess að geta þeirra til viðbragðs verði betri.

## Gangur æfingarinnar

Undirbúningur og uppsetning æfingarinnar var með hefðbundnum hætti. Fimmtudaginn 2. maí var haldinn fundur í Verkmenntaskólanum á Akureyri þar sem Hjördís Þórhallsdóttir umdæmisstjóri ISAVIA á norðurlandi setti æfinguna. Kristján Kristjánsson frá Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra kynnti endurskoðaða flugslysaáætlun Akureyrarflugvallar og Kristján Torfason æfingastjóri fór yfir nokkur atriði varðandi framkvæmd æfingarinnar. Að því loknu hélt Þorkell Ágústsson frá RNF fræðsluerindi um rannsókn flugslysa og verndun vettvangs.

Föstudaginn 3. maí hélt undirbúningur æfingarinnar áfram og var þá haldin lítil hliðaræfing með Lóðsinum sem gekk út á að bjarga mönnum úr sjó. Haldin var skrifborðsæfing undir stjórn Almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra og stöðufundur með þátttakendum til að kanna hvort allt væri tilbúið fyrir æfinguna. Laugardaginn 4. maí hófst æfingin um kl. 11:00 sem var um það bil klukkutíma á eftir áætlun. Helgast það af því að það tók lengri tíma en áætlað var að undirbúa leikarana og koma þeim fyrir á vettvangi. Þess má geta að þessi æfing er með þeim stærstu sem haldin hefur verið hvað varðar fjölda leikara.

Við upphaf æfingarinnar varð það óhapp að sprenging varð í bílflaki sem slökkviliðamaður var að kveikja í og brenndist hann í andliti. Gefur þetta atvik tilefni til þess að ítreka varnaðarorð um að fara að öllu með gát til að tryggja öryggi allra þátttakenda í æfingum. Að öðru leiti var upphaf æfingarinnar með hefðbundnum hætti. Flugturninn virkjaði flugslysaáætlun vallarins með því að senda boð til viðbragðsaðila á flugvellingum og til Neyðarlínunnar um TETRA. Neyðarlínan sendi síðan út boð með SMS á alla aðila sem sem hafa verkskyldum að gegna samkvæmt flugslysaáætluninni.

Varðandi gang hvers verkþáttar fyrir sig vísa í þær skýrslur sem hafa borist og eru hluti af þessari lokaskýrslu.

Landhelgisgæslan hefur tekið þátt í þessum æfingum undanfarið með því að senda þyrlu á staðinn og hefur æfingastjórnin reynt að skapa henni verkefni við hæfi. Koma þyrlu á flugslysaæfingar hefur gefið fjölmörgum tækifæri á að kynnast þessu öflugra björgunartæki og margir einstaklingar úr viðbragðseiningum hafa farið í sitt fyrsta þyrluflug á svona æfingu. Á rýnifundi eftir æfinguna var haft orð á því hvort raunhæft væri að flytja sjúklinga frá flugvelli upp á FSA í þyrlu. Því er til að svara að það er alfarið á valdi vettvangsstjóra hvernig hann notar þau björgunartæki sem hann hefur yfir að ráða og í ljósi þess að á tímabili gekk illa að fá flutning á sjúklingum með bílum er ekki óeðlilegt að hann hafi gripið til þyrlunar í flutning. Einnig verður að taka tillit til þess að Landhelgisgæslan mætir á æfinguna m.a. í þeim tilgangi að æfa þyrluáhöfnina í svona aðgerð og verðu æfingastjórnin því að sjá til þess að þeir fái verkefni við hæfi. Hafa verður einnig í huga að þó svo að vettvangur á flugslysaæfingum sé hafður innan girðingar flugvallar þá getur hugsanlegur vettvangur raunverulegs flugslyss verið hvar sem er og jafnvel þar sem bílum verður ekki komið að. Í svoleiðis tilfalli er þyrlan í lykilhlutverki hvað varðar flutning slasaðra af vettvangi.

Flugslysaæfingin á Akureyri var haldin 4. maí 2013. Þann dag varð ég sextugur og var þetta 29. flugslysaæfingin sem ég tek þátt í en ég tók fyrst þátt í flugslysaæfingu á Ísafirði árið 1999. Ég er þeirrar skoðunar að það sé löngu tímabært að hleypa nýjum aðila í mitt hlutverk og sjá hvort nýr starfsmaður komi ekki með ferskar hugmyndir sem gagnast vel við æfingarnar.

Ég hef því tekið þá ákvörðun að hætta þátttöku í flugslysaæfingum og vil nota þetta tækifæri og þakka þeim fjölmörgu aðilum úr viðbragðs- og björgunargeiranum sem ég hef unnið með fyrir samstarfið í gegnum árin. Öllum ráðgjöfum sem ég hef unnið með þakka ég sérstaklega fyrir gott samstarf og góð viðkynni. Þið eruð okkar fremstu sérfræðingar í viðbrögðum við stórslysum og hef ég lært mikið af ykkur.

Bestu kveðjur.  
Kristján Torfason  
æfingastjóri.



## Flugslýsaæfingin Akureyri 2013 - Skýrsla ráðgjafa.

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

**Leikarar og förðun – Vigdís Agnarsdóttir**

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

ISAVIA

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Í Leikaramiðstöð, á vettvangi og í SSS.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Aðstaðan sem okkur var boðið upp á í Leikhúsinu á Akureyri var ekki mjög hentug fyrir leikaramiðstöð. Það hefði verið mun hentugra að fá aðgang í skóla að skólastofum og opnu rými með aðstöðu fyrir einhverja afþreyingu fyrir leikara á meðan beðið var eftir að æfingin byrjaði. Förðunarnámskeið sem var haldið á föstudagskvöldinu fór fram á sviðinu í leikhúsinu þar sem önnur aðstaða í boði voru aðallega lítil förðunarherbergi sem hentuðu illa fyrir svona viðburð.

Mikilvægt að kynna sér betur aðstöðu með fyrirvara svo auðveldara sé að breyta um stað ef hann hentar illa.

Ekki var gott að ákveða að fjölga leikurum úr 50 í 80 með svona stuttum fyrirvara en það setti alla forskráningu úr skorðum þar sem það þurfti að frumskrá mjög marga af leikurunum á laugardagsmorgun. Það tefur mjög fyrir förðun og annarri undirbúningsvinnu á staðnum. Það má þó segja að þrátt fyrir að lokatala SOB væri 88 þá seinkaði æfingunni aðeins um 1 klst. Það má teljast nokkuð gott miðað við að við gáfum okkur fyrst að það tæki 2 og ½ tíma að ljúka við undirbúning 50 leikara með þeim mannskap sem við höfðum í förðun, en við kláruðum 82 á 3 og ½ tíma.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Nokkrir leikarar komu með athugasemd til þeirra sem sáu um klippuvinnu að það hefði vantað upp á að það væri talað við þau og útskýrt hvað væri verið að gera þegar klippuvinnu fór fram. Nokkrum leikurum brá illa þegar byrjað var að vinna með exi á toppi bílsins og þau fundu fyrir miklu óöryggi til að byrja með. Lærdómspunkturinn er að það þarf að tala við leikarana þrátt fyrir að þau séu ekki í alvörunni slösuð af því að flest þeirra eru að upplifa svona aðstæður í fyrsta sinn og vita ekki við hverju er að búast.

## 5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Aðstaða í Leikhúsinu á Akureyri hentaði vel til leikarakynningar sem var haldin á fimmtudagskvöldið. Kynningin gekk vel og það var þokkaleg mæting. Það var hins vegar ljóst að ef það ætti að takast að fjölga leikurum úr 50 í 80 þá þyrfti að auglýsa og smala á fleiri stöðum.

Förðunin var í höndum ungs fólks sem mætti á förðunarkynningu kvöldið áður og félagi úr Súlum björgunarsveit. Þau stóðu sig eins og hetjur og gerðu þetta mjög vel undir leiðsögn frá félögum í Súlum sem hafa gert þetta áður.

Æfingin gekk mjög vel varðandi leikara, engin teljandi vandamál komu upp hjá leikurum fyrir utan smá þirring vegna biðar sem var ansi löng hjá mörgum og svo var þó nokkrum orðið kalt.

Þau báru samt björgunarmönnum flestum vel söguna og sögðu að það hefði í flestum tilfellum verið farið vel með þau og útskýrt hvað væri verið að gera.

Kærar þakkar til félaga úr Súlum, s.s. Elsa Ben, Jóhann Þór og fleiri. Til Telmu Rutar í Björgunarsveit Hafnarfjarðar og Soffíu Helgu Valsdóttur í FBSR, fyrir góðan undirbúning og söfnun á leikurum. aðstoð við förðun og undirbúning leikara og eftirlit á vettvangi.

Þakkar til Akureyrardeildar Rauða krossins fyrir fatnað og aðstoð við að útbúa „fórnarlömb“.

Þökkum starfsfólki í Leikhúsinu á akureyri fyrir aðstöðuna og þolinmæðina.

**Takk fyrir okkur.**

**Vigdís Agnarsdóttir**

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Á æfingunni gekk mun betur að staðsetja leikara fyrir fram á svæðinu og samvinna við ARF hópin varðandi eftirlit með leikurum gekk vel. Gott samstarf er að skila sér í betri samvinnu og fleiri aðilar eru að kynnast vinnubrögðunum hjá okkur.

## Flugslysaæfingin Akureyri 2013 - Skýrsla lausnaraðila.

### 1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

**Aðgerðarstjórn – Daníael Guðjónsson**

### 2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Í Aðgerðarstjórn eru fulltrúar lögreglu, slökkviliðs, svæðisstjórnar björgunarsveita á svæði 11, Rauða krossins, Akureyrarbæjar, heilsugæslu og hagsmunaaðila sem var Isavia í þessu tilfalli ásamt starfslíði sem í þessari æfingu var loggari og fjarskiptamaður. Aðgerðarstjórn skipti með sér verkum eftir SÁBF kerfi þannig að í Stjórnun var ég sem fulltrúi lögreglustjóra, Bjargir voru í höndum Súlna, Skúli Árnason, Framkvæmd í höndum heilsugæslu og Slökkviliðs Akureyrar, Margrétar Guðjónsdóttur og Þorbjarnar Guðrúnarsonar, og áætlun í höndum Rauða krossins og Akureyrarbæjar, Páll Sverrissonar og Helga Más Pálssonar. Fulltrúi Isavia var Hjördís Þórhallsdóttir.

### 3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Ég var í aðsetri Aðgerðarstjórnar í Lögreglustöðinni ásamt fulltrúum Rauða krossins og Akureyrarbæjar. Aðrir fulltrúar í Aðgerðarstjórn biðu eftir útkalli og komu í stjórnstöð á misjöfnum tíma. 15 mínútum eftir útkall var Aðgerðarstjórn fullmönnuð.

### 4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Aðgerðarstjórn kom tvisvar saman til að undirbúa og fara yfir vinnulag í aðgerðarstjórninni. Þar sem fulltrúar flestra viðbragðseininga eru í aðgerðarstjórninni þá var jafnframt hægt að miðla upplýsingum milli viðbragðsaðila varðandi undirbúninginn á þeim fundum. Annars var undirbúningur hefðbundinn og gekk ágætlega.

Gott hefði verið að vera búinn að undirbúa aðgang að eftirlitsmyndavélakerfi Akureyrarflugvallar til að aðgerðarstjórn gæti betur áttað sig á umfangi og eðli slyssins. Af tæknilegum ástæðum þá náðist það ekki í tæka tíð. Unnið er að því að því verði komið í lag til frambúðar.

Þá hefði verið gott að vera búinn að setja upp vefmyndavélar við SLY og SSS þannig að bæði vettvangsstjórnin og aðgerðastjórnin gæti fylgst með því sem verið væri að gera. Þetta mættu vera einfaldar vefmyndavélar.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Á æfingunni sjálfri komu engin sérstök atriði upp sem ekki reyndist auðvelt að leysa. Nokkur atriði komu þó upp hjá flestum starfseiningum sem huga þarf af. Þannig komu nokkur minniháttar atriði hjá Rauða krossinum í ljós sem þeir munu laga til hjá sér. Þá kom í ljós að miðað við fjölda sjúklinga og aðstandenda þá voru bjargir of fáar. Það vantaði bæði flutningstæki og mannskap, bæði hjálparliða og lögreglumenn. Strax hefði þurft að kalla til bjargir frá nágrennabyggðum, Skagafirði, Húsvík, Dalvík og Fjallabyggð þegar ljóst var um umfang slyssins. Þá vantaði fleiri lækna og hjúkrunarfólk og ljóst að í alvöruslysi af þessari stærð þarf strax að kalla út allt tiltækt lækna lið á Eyjafjarðarsvæðinu. Má þar t.d. nefna heimilislækna, sjálfstætt starfandi lækna á lækna stofum. Það hefði verið gott að fá fyrir upplýsingar um umfang og eðli slyssins. Þegar þær upplýsingar bárust var of langur tími liðinn sem hefði getað nýst fyrir bjargir til að koma á staðinn. Notkun þyrlu til að flytja sjúklinga frá flugvælinum á FSA er ekki raunhæft. Þyrluna ætti frekar að nota til að flytja slasaða á nærliggjandi sjúkrahús, Húsavík og Sauðárkrók. Mikið mætti á þeim sem sáu um Framkvæmaþáttinn. Skýrsla Margrétar Guðjónsdóttur um þann þátt er send sérstaklega.

#### **5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.**

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Engin sértök atriði hér sem standa upp úr.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Nokkuð er um liðið síðan fullskipuð aðgerðarstjórn hefur tekið þátt stórrí æfingu. Það var því kærkomið að fá tækifæri til að koma saman og fara yfir verklag og vinnubrögð í aðgerðastjórn. Gekk það í heild ágætlega og fékkst góð reynsla í þessari æfingu sem kemur til með að nýtast vel.



## Flugslýsaæfingin Akureyri 2013 - Skýrsla lausnaraðila.

### 1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

**Aðgerðarstjórn Framkvæmdir – Margrét Guðjónsdóttir og Þorbjörn Guðrúnarson**

### 2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Heilsugæslan og slökkvilið (Margrét og Þorbjörn)

### 3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Lögreglustöð

### 4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Það var flókið að vera að hluta til með pappírsæfingu og að hluta leikna æfingu. Það hefði t.d. verið gott að ímyndaður hópur lækna og hjúkrunarfólks sem kallaður var til á pappír hefði mætt þó ekki væri nema sem leikarar. SSS upplifði ekki að fá aðstoð sem búið var að kalla út.

Aðeins ruglingslegt að vera að hluta til með alvöru aðföng eins og þyrluna og svo ímynduð aðföng eins og annan flugkost. Þyrlan var án samskipta við aðgerðarstjórn var skipulögð eins og ímyndaður flugkostur en var svo í raun í verkefnum sem ekki voru í samræmi við skipulag aðgerðarstjórnar. Að sama skapi fékk sjúkraflugslæknir aðeins útkall um að vera í viðbragðsstöðu, ekki að mæta á vettvang, spurning hvort það er galli í útkallskerfinu eða tengist því að um gerfi útkall var að ræða? Þetta þyrfti að vera skýrar í undirbúningi, að allir viti hvað verði gert á pappír og hvað í alvöru.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Upplýsingar í kjölfar útkalls: Umfang og alvarleiki slyss lá of seint fyrir, lítið samband var milli þeirra sem fyrstir voru á vettvang og aðgerðarstjórnar. Spurning hvort eðli útkalls (rauður – neyðarstig) eigi að nægja aðgerðarstjórn til að kalla til allt tiltækt lið á vettvang eða hvort bíða eigi eftir upplýsingum um fjölda alvarlegra slasaðra. Einnig sambandsleysi milli SSS og vettvangs. SSS hafði ekki vitneskju um fjölda slasaðra fyrr en þeir komu í söfnunarstöð og þaðan bárust upplýsingar til aðgerðarstjórnar. Fulltrúi heilsugæslu í aðgerðarstjórn hefði þurft að vera í beinu fjarskiptasambandi við vaktlækni í greiningarsveit til að geta gert ráðstafanir varðandi útkall á aukamannskap tímanlega.

Gefa þarf ákveðin fyrirmæli um hvenær skuli skipta upp talhópum á fjarskiptarásum. Það var ekki gert.

Það hefði átt að senda tiltækt fagfólk strax til aðstoðar greiningarsveit, það beið í startholunum á FSA en þegar kallið kom um að það vantaði fólk í SSS þá var það fagfólk upptekið í móttöku slasaðra á FSA. Þau hefðu átt að fara fyrst á vettvang og fylgja slösuðum á gegnum SSS og á FSA.

Það var erfitt að fylgjast með hvaða sjúklinga var verið að flytja hverju sinni, var það rauður sem var talað um fyrir 5. mín að væri að mætti fara í sjúkraflug, er hann enn að bíða eftir flutningi út í vél eða kominn út í vél eða kom annar sem meira áriðandi var að flytja eða hvað? Að lokum fór þetta í handaskol og sjúklingar fóru að berast óskipulega á FSA eftir að lokað var á móttöku þar. Það þyrfti að hugsa fyrir því að númera sjúklingana í Söfnunarstöð slasaðra með betri hætti. Þegar bara er talað um rauða þá er mjög erfitt að fylgja hverjum

sjúklingi eftir. Hvað rauðu nákvæmlega fóru á FSA og hverjir annað. Vettvangsnúmer eru víst frekar löng og óhentug en ef tilvill er hægt að nota tvær eða þrjár síðustu tölurnar. Ég hef þó ekki séð þessi nú er og veit ekki hvernig hentar að nota þau.

#### 5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Skrifborðsæfingin var mjög góð og gagnlegt að fara gegnum þetta fyrir æfinguna.

Rétt væri að halda slíka æfingu mun þéttar en á fimm ára fresti. Einnig væri gott að æfa fjarskiptin reglulega.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Samvinnan í aðgerðarstjórn virkaði vel. Gott að vinna í þessari nálægð þar sem auðvelt var að leiða alla þætti. Mjög gott að hafa aðgengi að nokkrum tetra stöðvum og hlusta á fleiri en eina rás í einu. Spurning hvort fulltrúar heilsugæslu og slökkviliðs ættu að hafa með sér aðstoðarmenn í aðgerðarstjórn í svona stóru verkefni, t.d. til að sjá um útköll starfsmanna og að fylgja eftir verkefnum sem eru of mörg koma of þétt til að einn ráði við þau.



## Flugslysaæfingin Akureyri 2013 - Skýrsla lausnaraðila.

### 1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

**Vettvangsstjórn – Hermann Karlsson**

### 2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

#### **Vettvangsstjóri:**

Lögreglan : Hermann Karlsson, varðstjóri

Með honum var Þórarinn Jóhannesson, aðstoðarvarðstjóri.

Þá var Friðjón Ingi Sigurjónsson, lögreglunemi, sem gestur hjá VST.

#### **Þjargir:**

Slökkvilið Akureyrar : Björn Heiðar Sigurbjörnsson, aðstoðarslökkvistjóri

#### **Áætlun :**

Landsbjörg, svæðisstjórn 11 : Kjartan Ólafsson

Með honum var Friðjón Á. Sigurvinsson sem sá um að „logga“.

#### **Framkvæmd:**

ISAVIA : Þorlákur Helgason, þjónustustjóri Akureyri.

### 3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

VST var staðsett í húsnæði Slökkviliðs flugvallarins, suðurendi, efri hæð

### 4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Horfandi á VST þá tel ég að undirbúningur hafi verið ágætur. Hins vegar mættu þeir aðilar sem koma að skipun manna í þau sæti hjá VST, sem eru samkvæmt áætlun, vera ábyrgari fyrir því að öllum öðrum innan VST sé ljóst hverjir munu mæta í VST við aðstæður sem þessar. Þeir sem koma þarna til starfa þurfa að þekkja sín hlutverk og hvernig VST starfar. Það verður bara ekki einhverjum kastað þarna inn fyrirvaralaust. Þetta er jú hópverkefni.

Nú eftir æfinguna liggur það fyrir að það eru varðstjóri lögreglu hverju sinni, bakvaktarmaður yfirstjórnar SA hverju sinni, þjónustustjóri ISAVIA en frá svæðisstjórn 11 er engin „eyrnamerkur“ í þetta hlutverk.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Framkvæmdarþátturinn á æfingunni gekk almennt vel sé horft til þeirrar „Flugslysaáætlunar“ sem nú er í gildi. Það voru einungis nokkur léttvæg atriði sem mönnum yfirsást en ekki til að tala um frekar.

Varðandi úrlausnarþáttinn þá er ljóst að okkar umhverfi hér á Akureyri er ekki stakk búið til að taka við slysi af þessari stærðargráðu, þ.e. millilandavél með um 90 manns eða stóru rútuslysi, án þess að horft sé strax til þess að hefja flutning á viðbragðsaðilum frá svæðum beggja vegna Eyjafjarðar sem og Höfuðborgarsvæðinu og þá sér í lagi fólki sem kemur úr heilbrigðiskerfinu. Þá er ljóst að strax yrði að kalla út alla lögreglumenn embættisins, jafnt á Akureyri sem og Dalvík og Siglufirði. Óska yrði einnig eftir lögreglumönnum eins og frá embættunum á Húsavík og Sauðárkróki ef aðgerðin tæki lengri tíma.

**Þegar slys verður með þessu umfangi þá tel ég nauðsynlegt að skrifað verði inn í áætlunina að AST útvegi strax 2 strætisvagna á vettvang.** Þeir nýtast sem flutningstæki á grænum frá SLY að SSS og einnig á grænum frá SSS að FHS. Þá nýtast þeir einnig sem skjól ef þess þyrfti.

Fjarskipti gengum almennt vel. Vettvangsstjórn skipti með sér verkum með þeim hætti að Þorlákur-ISAVIA sá um AV-NL2, samskipti við verkþáttastjóra og flugturn. Björn Heiðar-SA sá um AV-NL1, samskipti við AST. Álag var mikið, þá sérstaklega á AV-NL2. **Tel ég að setja ætti flugturn á sér rás til fjarskipta við VST**, m.a. til að létta á fjarskiptunum. Er ég þá sérstaklega að horfa á það vegna samskipta við þyrlu og aðrar flugvélar.

Illa gekk að fá tölur frá Björgunarstjóra um bráðagreiningu á vettvangi og komu þær aldrei með þeim hætti að nothæfar væru til að meta ástandið svo ábyggilegt væri.

Álag var mismikið á menn en ljóst er Björgunarstjóri og Aðhlyningarstjóri voru undir hvað mestu álagi og sýndi það sig hvað helst í því að Björgunarstjóri náði ekki að hafa yfirsýn yfir SLY og þá var svæði SSS of lítið fyrir þau verkefni með því umfangi sem þessi æfing bar.

Lögð var talsverð áhersla á talningar en þrátt fyrir það þá náðist ekki að láta þær stemma og þegar æfingunni var slitið þá vantaði 4 aðila. Ýmsar skýringar hafa verið nefndar og tengjast þær helst þeim sem höfðu verið úrskurðaðir látnir og „lent á vergangi“ en ekki lagðir til í SSL.

Nauðsynlegt er að nefna að starfsfólk FÍ sé meðvitað um þeirra hlutverk að loka aðgengi inná flugsvæðið en upp kom atvik þar sem „Starfsmaður flugrekanda“ kom alla leið í VST til að spyrjast fyrir um málið. Eftir æfinguna skoðaði ég með hvaða hætti hann hefði komist inná svæðið og fékk þau svör að hann hefði komið í MÓT en verið vísað þar frá í samráði við Gæslustjóra. Þá hafi hann farið inn í flugstöð og gengið þar óáreittur í gegnum afgreiðsluna og út á flughlað þar sem hann hafi komið sér í samband við gæslumann (björgunarsveitarmann) og fengið hann til að koma sér í VST.

## 5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Skrifborðsæfingin skilaði sínu vel. Hún setti menn í „gírinn“ og þá áttuðu menn sig á hvað helst mætti betur fara. Þar sem við í VST vorum í nýrri aðstöðu sáum við strax hvað mætti betur fara og voru gerðar úrbætur sem að því snéri fyrir æfinguna daginn eftir.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Á meðan æfingunni stóð þurfti í þrígang að loka akstri um svæðið vegna flugs og gekk það ágætlega. Flugturni láðist reyndar í eitt skiptið að miðla upplýsingum til VST og verkþáttastjóra

Þrátt fyrir mikið áreiti frá ýmsum aðilum þá héldu allir ró sinni og unnu faglega úr þeim verkefnum sem til þeirra bárust og eiga allir hrós skilið fyrir það.

Þá fær RKÍ sérstakar þakkir fyrir kjötsúpuna í lokin.



## Flugslýsaæfingin Akureyri 2013 - Skýrsla lausnaraðila.

### 1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

**Gæslustjóri – Jóhann Olsen**

### 2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Lögreglan á Akureyri og fékk til aðstoðar fólk frá björgunarsveitunum og flugvallarstarfsmenn.

### 3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Viðkomandi var færanlegur um svæðið og reyndi að fylgjast með ytri og innri lokunum, vettvanginum sjálfum, söfnunarsvæði slasaðra og landingarstað þyrlu. Gæslustjóri hafði bifreið til umráða og fór um svæðið til að ganga úr skugga um að allt gengi að óskum.

### 4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Þegar gæslustjóri kom á vettvang var reynt árangurslaust að ná sambandi við flugturn til að kanna hvort heimild hafi verið gefin fyrir akstur um flugbraut, samband náðist aldrei við flugturn. Reynt var að ná sambandi við flugturn síðar vegna flugumferðar og náðist ekki heldur samband þá. Notast var við Tetra talstöð en ekki var notaður sími.

Vesti til að auðkenna stjórnendur verkþátta voru aldrei afhent og því þurftu þátttakendur að leita eftir hverjir voru verkþáttastjórar. Tel ég best að hver verkþáttastjóri hafi sitt vesti hjá sér og vettvangsstjóri þurfi ekki að afhenda það hverjum og einum.

Umferð flugvéla og tilkynningar um þá umferð var fyrir neðan allar hellur fyrir utan landingu vélar Mýflugs. Um landingu vélar Flugfélags Íslands fékk gæslustjóri upplýsingar frá starfsmanni á vettvangi. Flugvél var síðan ekið meðfram söfnunarsvæði slasaðra, yfir flughlaðið og út á flugbraut án þess að nokkrar upplýsingar kæmu fram um það.

Greinilegt var að fleiri lögreglumenn þarf til að sinna svo stóru verkefni og var fljótt óskað eftir fleiri lögreglumönnum en ekki komu svör frá vettvangsstjórn um það. Kalla mætti út 5 lögreglumenn sem starfa út með firði á Dalvík, Ólafsfirði og Siglufirði. Einnig hefði mátt kalla út sérsveitarmenn sem starfa á Akureyri.

Starfsmaður í innri lokun kvartaði um of mikinn þvæling björgunarfólks út í gegnum innri lokun þar sem talið var að biðsvæði bjarga væri innan við innri lokun.

Erfiðlega gekk til að byrja með að koma á almennilegu umferðarskipulagi bæði við vettvang, við söfnunarsvæði slasaðra og þar sem slasaðir voru fluttir frá söfnunarsvæðinu. Ökumenn virtust eiga erfitt með að fara eftir leiðbeiningum flugvallarstarfsmanna og björgunarsveitarfólks, þessi mál löguðust mikið eftir að rætt var við ökumennina.

Illu gekk að fá upplýsingar frá björgunarstjóra um fjölda slasaðra á vettvangi eða svokallaða bráðagreiningu.

Skipaður var talningarstjóri og fékk hann fjóra björgunarsveitarmenn með sér þar sem talið var inn í söfnunarsvæði slasaðra og út af því einnig. Eitthvað var óljóst með afrifur af greiningarspjöldum hvort ætti að skilja þær eftir hjá talningarmönnum eða við innri lokun. Aðeins vantaði uppá að talning stemmdi við fjölda slasaðra en það gæti verið vegna þess að látnir voru ekki komnir í söfnunarsvæði látinna þegar æfingin var blásin af.

Umferð gesta og ráðgjafa um svæðið var alltof mikil.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

#### **5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.**

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Fjarskipti gengu mjög vel á milli verkþáttastjóra og einnig við vettvangsstjórn. Vel gekk að fá fólk til aðstoðar frá flutningsstjóra við lokanir, talningu og gæslu á landingarsvæði þyrlu og stóð það fólk sig með þryði.

Verndun vettvangs og vinna rannsóknarlögreglumanna á vettvangi gekk mjög vel og virtust björgunarmenn vera vel vakandi yfir því að hreyfa ekki við hlutum nema nauðsynlegt væri.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

## Flugslysaæfingin Akureyri 2013 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

Fyrstu aðgerðir á vettvangi – Lárus Gunnlaugsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

C-vakt 3 menn D- vakt 2 menn

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Á miðjum vettvangi

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Athuga með fjarskipti.

Kaupa talstöðvar og snúru til að hafa í eyra.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Aðal vandamálið þegar á æfinguna leið var flutningur slasaðra af vettvangi en það helgaðist af því að ekki voru næg fararæki til flutnings en lagaðist þegar á leið.Það má brýna fyrir mönnum hverjir sem þeir eru að halda vöku sinni á vettvangi bæði við akstur og störf þannig að ekki hljótist slys af

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur var bara ágætur

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Það er ekki gott að dæma eigin verk en í heildina held ég að minn þáttur hafi gengið mjög vel þ.e . áætlunin sem að ég kom með,þrátt fyrir að upp hafi komið vandamál þegar annar dælubíllinn festist breytti ég áætluninni í snatri og mínir menn brugðust hratt og örugglega við ,það hratt að við vorum búnir að slökkva eldana og farnir að klippa þegar Slökkvilið Akureyrar mætti á svæðið voru þeir hálf hissa á hvað hlutirnir gengu hratt og örugglega fyrir sig.Í heildina held ég að flugvallarmenn hafi staðið sig með ágætum. Skipti á björgunarstjóra hlutverkinu til Slökkviliðs Akureyrar gengu vel og var mjög góð verkaskipting á milli okkar en ég var hans hægri hönd.

Að mínu mati og annarra t.d. ráðgjafa ætti björgunarstjóri á vakt að hafa rauðan hjálm ,ég var ágætlega merktur á vesti en mönnum fannst vanta tilfinnanlega rauðan hjálm til frekari auðkenningar.

Bíll björgunarstjóra mætti vera betur merktur sem slíkur og hafa sírenu og blá ljós.Þannig að menn láti hann vera. Á einhverjum tímapunti hvarf bíllinn frá mér ég bara tók ekki eftir því sökum anna en það hefði verið bagalegt ef að ég hefði þurft að grípa í hann, en það kom ekki að sök í þetta skipti,eins þótti mér

slæmt að komast ekki á rýnifundinn í verkmenntaskólanum eftir æfingu og sjá og heyra hvað menn sögðu vegna þess að ég var á vakt á vellinum, mér fannst ég taka það mikinn þátt í æfingunni t.d. að stjórna aðgerðum í útkalli að ég hefði átt að vera þar.



## Flugslýsaæfingin Akureyri 2013 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

**Björgunarstjóri - Slökkvilið Akureyrar - Ólafur Stefánsson**

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Slökkvilið Akureyrar, allar vaktir. C-vakt vakthafandi.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Á flugbrautinni, nálægt aðalhluta flaksins(TF Láki), n.t.t. reitur 17.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Skýrsluhöfundur telur að honum hafi ekki verið gefið nægilegt tækifæri til að undirbúa sig fyrir æfinguna og ekki verið upplýstur um til hvers væri ætlast af honum í undirbúningi, t.d. skrifborðsæfingunni á föstudeginum. Einnig skal bent á að undirritaður var ekki leystur undan daglegum störfum hjá SA á meðan á undirbúningi stóð. Tillaga til úrbóta – hafa afleysingu fyrir björgunarstjóra á undirbúningsdeginum.

Einnig hefði SA mátt hefja undirbúning síns starfsfólks fyrr og reyna að fá fleiri til að taka þátt í æfingunni og þeim fundum og viðburðum sem haldnir voru í aðdraganda æfingarinnar. Undirritaður telur of skamman fyrirvara hjá SA/ISAVIA að byrja að safna liði á æfinguna í sömu viku og hún er haldin.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Skýrsluhöfund(Ólafi) þykir að handritshöfundar æfingarinnar hafi farið fram úr sér þegar kemur að flækjustiginu sem var sett inn í handritið. Það að setja upp flugslýs með 88 um borð og tæplega 80 misslasaða einstaklinga ætti að vera alveg nógu flókið verkefni, þó að það sé ekki bætt inn stórhættulegu eiturefni og drukknum flugstjóra líka. Þær vinnureglur sem slökkviliðsmönnum eru settar á vettvangi þar sem eru eiturefni eða grunur um eiturefni, setur allt viðbragð í annan fasa sem ætti að vera kunnur þeim sem til þekkja.

Á æfingunni ákvað ég(Ólafur) sem stjórnandi á staðnum að senda ekki fleiri inn á vettvanginn en komnir voru, þegar ég fékk upplýsingar um Fosfór um borð. Ég er ekki með það í kollinum hvernig skuli bregðast við fosfórmengun og kallaði því í vettvangsstjórn og bað um upplýsingar um téð eiturefni og nálgun við vettvang. Þessar upplýsingar komust aldrei til skila til mín alla æfinguna og í raun tafði þetta alla aðstoð við sjúklingana á vettvangi þar sem ég gat ekki leyft mér að setja fleiri í hættu en orðið var. Eftir langan tíma kom svo tilkynning frá vettvangsstjórn að ég(björgunarstjóri) yrði bara að meta það sjálfur hvort ég teldi að vettvangurinn væri öruggur.

Á þeirri stundu tók ég ákvörðun um að hundska okkar vinnureglur og setti í

gang greiningarsveitir og þá aðhlynningu sem komin var á staðinn. Því að ef ég hefði farið eftir því sem áætlanir gera ráð fyrir, þá hefði æfingin breyst úr því að vera æfing í umhönnun og flutningi í hópslysi, í það vera æfing í viðbrögðum á eiturefnavettvangi með tilheyrandi uppsetningu á þrif aðstöðu á staðnum, björgunarfólk í eiturefnabúningum og berháttun og þrif á öllum sem komnir voru á vettvanginn. Samkvæmt skrifborðsæfingu daginn áður, þá átti æfingin ekki að snúast um þetta. Töluvert löngu seinna kom svo í ljós gulur reykur frá einu bíflakinu sem átti væntanlega að tákna að þar væri umrædd mengun. Þá var farið í að loka af í kring um þann vettvang og björgunarfólk varað við aðstæðum.

Einnig vil ég setja út á það skipulag sem er á fjarskiptum á vettvangi. Það var allt of þökkun rásin sem verkþáttastjórar voru að nota og allt of margir inn á þeirri rás. Það leið oft mjög langur tími frá því að eitthvað gerðist á vettvangi sem kallaði á að ég þyrfti að nota fjarskiptin þangað til að ég komst að og hvað eftir annað þurfti ég að margkalla í vettvangsstjórn áður en var svarað, enda var álagið á rásinni slíkt að það var nánast ómögulegt fyrir nokkurn mann að hlusta á allt sem fór þar fram í þeim eina tilgangi að sía úr það sem átti erindi.

Þetta vandamál var rætt meðal okkar slökkviliðsmanna og upp kom ein hugmynd um hvernig bætti mætti umrætt vandamál. Sú lausn felst í því að hafa einn tengilið hvers verkþáttastjóra (björgunar,- flutnings,- gæslu,- og aðhlyningarstjóra) í vinnuaðstöðu vettvangsstjórnar. Sá tengiliður væri ábyrgur fyrir samskiptum sinna verkþáttastjóra við svæðisstjórn og hefði mögulega innsýn til að sinna þeim. Þeir tengiliðir myndu einnig sjá um að logga beiðnir sinna verkþáttastjóra og gætu borið beiðnir eða tilkynningar til tengiliða annarra verkþáttastjóra. Með þessu móti myndi losna um mikla fjarskiptaflækju þar sem hver og einn verkþáttastjóri væri í samskiptum við sinn tengilið á sinni vinnurás (AV\_1, AV\_2....).

Varðandi mengunarpáttinn, þá skiptir mjög miklu máli að Björgunarstjóri fái sem allra fyrst upplýsingar um það hversu mikil hætta sé á ferðum með að nálgast vettvanginn. Þær upplýsingar komu ekki, hverju sem er um að kenna.

Það vantaði merktu vestin fyrir verkþáttastjórnendurnar, það var töluvert fundið að því að fólki gekk illa að finna björgunarstjórnann þar sem hann var ekki merktur. Lausn á þessu væri kannski að þar til gert vesti væri í fyrstu slökkvilibreið SA. Það er vesti hjá SA merkt stjórnandi, en ég fór sem segt aldrei í það þar sem ég átti von á því að fá þar til gert hvítt vesti sem var notað á töfluæfingunni daginn áður.

Einnig verð ég að minnast kostinn. Það fór nú svo að við í slökkviliðinu fengum ekkert að borða allan daginn og þar sem æfingin hófst klst. seinna en áætlað var, en viðrunarfundunum var ekki seinkað að sama skapi, þá gafst okkur enginn tími til að verða okkur út um fóður. Við þekkjum þetta í slökkviliðinu og vitum að ánægður björgunarmaður er fljótur að hugsa, hjálpfús og duglegur en svangur björgunarmaður er ekki ánægður björgunarmaður.

## 5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Uppsetningin á æfingunni var mjög góð, það að hafa t.d. áhöfn vélarinnar að störfum á vettvangi var virkilega vel gert og vakti upp ýmsar spurningar eftir, í sambandi við hvort það hefði ekki verið rétt að nýta sér meira sérþekkingu þeirra aðila á flugvélinni og ástandi farþeganna. Það verður að hafa það í huga þegar maður kemur inn á svona vettvang sem björgunaraðili, að ef einhverjir úr áhöfninni eru á lífi og starfhæf, þá eru allar líkur á að þau hafi þá þegar hafið björgunarstörf og séu komin með einhverja yfirsýn af vettvanginum og hvar sé mest þörf fyrir aðhlynningu.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Það gekk hratt og vel að slökkva elda og tryggja öryggi á vettvangi, fyrir utan eiturfna-twistið, greiningasveitir voru fljótár á staðinn og unnu sitt verk fljótt og vel, fyrir utan það að talningarspjöldin frá greiningarsveitunum skiluðu sér aldrei til mín og þar af leiðandi gekk mér mjög illa að gera mér grein fyrir fjölda slasaðra.

Ég sem björgunarstjóri réð mér strax aðstoðarmann, sem var björgunarstjóri Isavia á flugvellinginum og stóðum við hlið við hlið alla æfinguna og hjálpuðumst að við að stjórna aðgerðum. Þetta fyrirkomulag reyndist mjög vel.

Að lokum vil ég hrósa „bláa fólkinu“ eða öðru nafni ráðgjafanna sem voru á staðnum og minntu á það sem þurfti að huga að og óska eftir. Það er kannski hugmynd að það sé hreinlega fólk einhversstaðar í skipulaginu sem hafi það hlutverk að vera ráðgjafar fyrir verkþáttastjórnendur í flugslysum.

Takk fyrir lærdómsríkan og skemmtilegan dag.

Ólafur Stefánsson

Varðstjóri hjá Slökkviliði Akureyrar



## Flugslýsaæfingin Akureyri 2013 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

**Flutningastjóri – Halldór Halldórsson**

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Svæðisstjórn björgunarsveita á sv.11

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Fyrst í móttökustað fyrir bjargir síðan við útgang á SSS

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Flutningastjóri (ég) hefði mátt vera meira í sambandi við björgunarsveitir fyrir æfingu og ræða meira um hvernig flutningar ættu að ganga fyrir sig, fulltrúar frá björgunarsveitum hefðu mátt koma meira að skrifborðsæfingunni til að sjá heildarmyndina hvernig æfingin er hugsuð. Við vorum með rúmlega 80 sjúklinga, það var alltof mikil fjöldi miðað við bjargir á ég þá við fjölda: björgunarsveitamanna, lögreglumanna, slökkviliði og starfsfólki frá FSA og Rauða Krossinum.

Eins gekk ekki nógu vel að fylgja eftir fjarskiptaplani, við fengum strax skipun um að fara á undirrásir í TETRA en fólk fannst rólegt á þeirri rás og skipti fljótlega yfir á AV-NL2 til að fylgjast með fjarskiptum!! Eins vantaði að björgunartæki tilkynntu sig strax við flutningsstjóra ef vantaði verkefni.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Einungis flutningastjóri þ.e. einn af fjórum verkþáttastjórum var í hvíta vestinu, það gerðist ýtrekað á æfingunni að menn voru sendir milli svæða og áttu að gefa sig fram við Björgunarstjóra, Aðhlyningarstjóra eða Gæslustjóra en menn fundu þá ekki fyrr en eftir langan tíma. Þetta verður að laga. Fjarskipti þarf að slípa betur saman. Flutningsstjóri sem og björgunarsveitir mega líka velta fyrir sér hvaða tæki séu sent á svona æfingar og velta fyrir sér hvað henti best t.d. til sjúkraflutninga. Flutningsstjóri vissi ekki nógu vel um ýmis úrræði á svæðinu sem voru æfingalegs eðlis t.d. um einhverjar sjúkraflutningavélar sem áttu að vera til taks „fræðilega“ en voru hvergi sjáanlegar í raunveruleikanum

### 5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Skrifborðsæfingin var til fyrirmyndar að nær öllu leyti, þar fóru menn í vestin sín (Vettvangsstjórar). Heildarskipulag sem búið er að vinna finnst mér gott að nær öllu leyti.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Flutningsstjóri lagði undir sig strætisvagn sem var á svæðinu og átti að nota sem flugvél. Þetta vissi ég ekkert um og sendi hann strax til að sækja marga græna sjúklinga af vettvangi í SSS



## Flugslýsaæfingin Akureyri 2013 - Skýrsla lausnaraðila.

### 1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

Aðhlyningarstjóri – Björk Jóhannsdóttir

### 2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Aðhlyningarstjóri ásamt tveimur aðstoðarmönnum (annar sá alfarið um samskipti um Tetra)  
Greiningarsveit FSA (læknar og hjúkrunarfræðingar)  
Aðstoð frá RKÍ  
Aðstoð frá björgunarsveitum  
Flutningsaðilar  
Gæslumenn

### 3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Á SSS

### 4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Greiningarsveitin sem kom með mér á staðinn var fljótlega kölluð út á vettvang í bráog veita fyrstu meðferð sem getur verið töluverð á rauðum sjúklingi. Þarna var þó margbúið að óska eftir greiningarsveit í hús til vettvangsstjórnar.

Ég tel mikilvægt að greiningarsveitin skili sér fljótt til baka á SSS því hver sem er getur í raun gert bráðaflokkun á vettfangi með heilsugæslulækni sér til halds og traust sem er með fyrstu mönnum á vettfang. Það virðist ekki hafa verið hugsað út í það að fá strax fleira fólk á vettvang í bráðaflokkun til að aðstoða greiningarsveit og leysa hana af.

Eins talaði greiningarsveitin um það að illa hafi verið staðið að talningu á vettfangi eins og þeir aðilar sem þar voru væru ekki klárir á talningarspöldunum. Þetta varð til þess að engar tölur komust til björgunarstjóra í upphafi og hann átti í erfiðleikum með að koma einhverri tölu frá sér þannig að frá upphafi vantaði vitneskju um alvarleikann sem blasti við. Það er MJÖG mikilvægt að fá í upphafi þessa vitneskju fyrir alla aðila til þess að geta gert ráðstafanir og plön um fólk og byrgðir sem hugsanlega þarf að redda.

Aðhlyningarstjóri var ekki merktur sem slíkur og hefði það verið gott fyrir alla aðila sem komu inn á SSS ef hann hefðir verið vel merktur. Spurning hvort þetta sé vandamál FSA þar sem hann kemur þaðan eða hvort vettvangsstjórn eigi að passa upp á þetta þegar aðhlyningarstjóri kemur í MÓT.

Samskiptin:

Tetra er frábært kerfi og nauðsynlegt er fyrir alla verkþáttastjóra að skipa sér fjarskiptamann sem aðhlyningarstjóri gerði. Í sjálfu sér er skipuritið um samskipti fínt en það var ekki notað eins og það átti að gera.

Ég var með tvær tetra stöðvar. Í annarri átti ég að hafa samband við FSA eða aðgerðarstjórn. Í hinni átti ég að hafa samband við vettvangsstjórn og hina 3 verkþáttastjórana. Á þeirri rás voru miklu fleiri en áttu að vera t.d. heyrðum við samskipti þar inni milli flutningsstjóra og undirmanna hans. Þeir áttu að tala sín á milli

á annarri rás en virðast hafa notað að einhverju leyti þessa rás til samskipta sín á milli. Þetta álag varð til þess að erfiðlega gekk að komast inn á línu þegar eitthvað vantaði. Þetta þarf að passa mjög vel því nóg er um áreitið fyrir.

Það gekk hægt að fá byrgðir inn á SSS og fleiri hendur. Á tímabili var SSS með hátt í 10 rauða sjúklinga en afskaplega fár hendur í aðhlyningu. Var margbúin að kalla eftir fleiri höndum en það einhvernvegin gekk ekki vel að fá þær.

Eins gekk frekar hægt að fá byrgðir og það kom ekki allt sem ég þurfti en sennilega er það bara raunvöruleikinn.

Hugmynd hefur komið upp að þegar vettvangur er svona stutt frá sjúkrahúsinu að nýta sjúkrahússtarfsfólk á SSS í upphafi sem færir svo með fyrstu sjúklingunum til baka á sjúkrahúsið. Þetta gæti leyst þann vanda sem upp kom þegar greiningarsveitin var enn á vettvangi og fáir heilbrigðismenntaðir inni á SSS.

Mér var tilkynnt að á leiðinni væri greiningarsveit frá Reykjavík og brjóstholsskurðlæknir. Þessi aðilar voru aldrei endalega tilkynntir inn þannig að alla æfinguna voru þessir aðilar bara ímyndaðir á leiðinni sem gerði lítið fyrir mig á SSS. Æfingalega var flott að reyna að fá fólk annarstaðar frá en þar sem þeir komu aldrei eða ígildi þeirra voru þetta ekki auka hendur á SSS

Flutningamál voru mjög góð inn á SSS en alls ekki nógu góð frá SSS með sjúklinga. Mér gekk erfiðlega að fá flutning út af svæðinu þannig að rauðir sjúklingar töfðust hjá mér þrátt fyrir að FSA væri að biða eftir þeim og þeir hlóðust upp hjá mér.

Eins var erfitt að fá flutning fyrir þá sjúklinga sem máttu koma með flugvélum suður og óljóst var hvort læknar voru um borð í þessum flugvélum sem áttu að flytja sem varð til þess að ég kom þeim seint og illa úr húsi. Það þarf að passa það að festa ekki alla flutningabíla í flutning frá vettvangi á SSS. Ég myndi halda að björgunarsveitabílar væru góðir í flutning af vettvangi á SSS en leggja meiri áherslu á að nota sjúkrahús bíla í flutning frá SSS á FSA eða í flug eftir því hvað þurfti. Eins vantaði á SSS burðarmenn til þess að hjálpa til með fólk af greiningarborðum niður á gólf.

Varð líka vör við það að stundum voru flutningstæki á staðnum en þeir tilkynntu sig ekki inn til mín heldur biðu úti aðgerðarlausir. Held að það þurfi að vera aðili frá flutningsstjóra inni á SSS sem er upplýstur um það hver er næstur út og hvert hann er að fara og fylgist með því þegar flutningstæki eru komin svo það skapist ekki þessi misskilningur. Það er líka mikilvægt að þessi aðili sé sá eini frá flutningsteyminu sem er í sambandi við aðhlyningarstjóra.

Húsnæði:

Á flugvelli á Akureyri eru margar byggingar og mér finnst miður að besta byggingin sé ekki notuð sem SSS. Vélargeymsla slökkviliðsins er í raun og veru ágætis húsnæði ef ekkert betra er í boði en þar er lítið pláss og þar eru þröngar og erfiðar hurðir sem þarf að fara í gegnum til að komast inn og út. Einnig glymur mikið inni í salnum.

Flugstöðvarbyggingin sem slík væri mun betri kostur þar sem hún er stærri og öll aðstaða þar inni betri. Þar er nóg af sætum fyrir sitjandi sjúklinga. Klósettaaðstaða, veitingarsala (glös og vatn) og mun meira gólfpláss fyrir sjúklinga á börum. Aðgengi inn og út úr byggingunni er gott og hurðir breiðar. Legg eindregið til að flugstöðvarbyggingin verði notuð sem SSS í framtíðinni.

Þyrlan:

Í þessari æfingu var ekki gagn af þyrlu sem flutning frá flugvelli á FSA. Aftur á móti ef vettvangur hefði verið lengra í burtu frá FSA hefði þyrlan gagnast vel sem

flutningsaðila á FSA og eins hefði mátt nota þyrluna í flutning til Reykjavíkur með rauða sjúklinga sem þurftu að komast þangað. Upplýsingar um þyrluna voru ekki nógu skýrar í upphafi og ég sem aðhlyningarstjóri hélt í fyrstu að sjúklingar sem færu með þyrlunni væru að fara til Reykjavíkur en ekki á FSA.

Samskipti milli aðhlyningarstjóra og viðbragðstjórnar FSA voru ekki nógu góð. Það þarf að endurskoða þau og spurning hvort Tetra sé það sem virkar best eða hreinlega venjulegur GSM sími. Þessir tveir aðilar þurfa að geta talað saman sín á milli án mikilla truflana annarra aðila. Það hefði verið gott ef FSA hefði í upphafi sagt hvað þeir gætu tekið marga sjúklinga (sem þeir gerðu) en vandamálið virðist hafa verið að þaðan komu endurtekið skilaboð um sjúklingafjölda sem þeir gátu tekið og aðhlyningarstjóri túlkaði það sem nýja sjúkling en FSA var alltaf að tala um þessa sömu og þeir nefndu í upphafi. Þess vegna fengu FSA mun fleiri rauða sjúklinga en þeir ætluðu sér að taka.

#### **5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.**

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Skrifborðsæfing daginn fyrir æfinguna var mjög góð og lærdómsrík

Gott að hitta aðila frá Almannavörnum dagana fyrir æfinguna og fá góð ráð.

Flutningur frá vettvangi á SSS gekk mjög vel

First responderar Rauða krossins og það björgunarsveitarfólk sem komu á SSS í upphafi voru algjörlega með sín hlutverk á tæru þegar búið var að útvega þeim verkefni á SSS.

## Flugslysæfingin Akureyri 2013 - Skýrsla ráðgjafa

<b>1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:</b>
<b>Heilbrigðisstarfsfólk. Greining og ummönnun slasaðra – Bára Benediktsdóttir og Helga Rósa Másdóttir.</b>
<b>2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni</b>
Björgunarsveitir - Rauði Krossinn - Heilbrigðisstarfsfólk SA og HAK - Slökkvilið Akureyrar
<b>3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?</b>
SLY / SSS / SA
<b>4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.</b>
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
<i>Ef til vill hefðu allir viðbragðsaðilar átt að hittast fyrir æfingu og hafa stutt rennsli á sínum hlutverkum og tilkynna fjölda þátttakenda – til þess að fólk áttaði sig betur á því hver gerir hvað og hvaða mannskapur það er sem ætlar að sinna verkefni sem þessu. Hefði mátt vera betur mætt á þá fundi og fræðslu sem í boði var.</i>
Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis
<i>SLY: Aðeins óljóst hvenær vettvangur var tryggður og því varð einhver töl á að bráðaflokkun hæfist. Afar stór vettvangur og erfitt að hafa yfirsýn. Læknir HAK sem ber ábyrgð á bráðaflokkun slasaðra hefði þurft að vera í tetra sambandi.</i>
<i>SSS: Afar slæm aðstaða á SSS alltof lítil salur og glymur mikið í honum. Þrengslin gífurleg, aðstaða til að sinna grænum alltof lítil. Erfitt að sinna slösuðu fólki á hörðu steingólfi, væri betra að hafa fleiri búkka/borð til að sinna fólki á.</i>
<i>Aðhlyningarstjór hefði þurft að vera merktur.</i>
<i>Vantaði sárlega mannskap, hefði þurft mun fleiri hendur á SSS, bæði sjúkraflokka frá björgunarsveitum og heilbrigðisstarfsfólk. Gerðar voru ítrekaðar beiðnir um meiri mannskap en það gekk illa að uppfylla þarfir. Vegna þessa var erfitt að hafa ákveðnar starfsstöðvar innan SSS nægjanlega mannaðar, það skapaði rugling, fólk að hlaupa í og úr verkum og olli því að t.d. grænir af vettvangi biðu óralengi eftir áverkamati (eða í um klst).</i>
<i>Ruglingur varðandi fjölda rauðra sem sendir voru á SA, líklega vegna þess að bið eftir flutningi var löng og því gæti verið að sömu pláss hafi verið boðin oftar en einu sinni og því tvítalin.</i>
<i>SA. Flottur undirbúningur og vel að öllu staðið</i>

## 5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Starfsfólk SA hélt æfingu í haust sem það bjó vel að.  
Góð og styrk verkefnastjórnun SA varðandi utanumhald æfingar og verkaskipti.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

SLY: Vel gekk að skipta niður í tveggja manna teymi og bráðaflokka.

SSS: Aðhlyningarstjóri með góða þekkingu á viðbragðsáætlun og hlutverki sínu. Gekk vel að hafa aðstoðar-aðhlyningarstjóra. Spurning um að hafa það í áætlun að aðhlyningarstjóri skipi sér aðstoðarmann og jafnvel fjarskiptarmann einnig. Skipaður var birgðastjóri innan SSS sem hafði yfirsýn yfir bjargir innan SSS og hjálpaði það aðhlyningarstjóra með yfirsýn yfir það þegar hluti fór að vanta.

Greiningasveit nr 2 kom frá HSA, það létti heilmikið undir.

SA: Góð þekking á öllu almannavarnarkerfinu og heilbrigðiskerfinu í heild sinni.



## Flugslýsaæfingin Akureyri 2013 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

**Rauði krossinn á Akureyri – Guðný Bergvinsdóttir og Hafsteinn Jakobsson**

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Rauði krossinn á Akureyri

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Neyðarnefnd í húsnæði deildar Viðjulundi 2. ( 3 fulltrúar).  
AST lögreglustöð í Þórunnarstræti ( 2 fulltrúar).  
SSS á flugvelli ( 5 fulltrúar).  
SSA í Gleráarkirkju ( 4 fulltrúar)  
Fjöldahjálparstöð fyrir „græna“ í húsnæði deildarinnar Viðjulundi 2 (5 fulltrúar).  
Einn fulltrúi var ökumaður / sendill (Viðjulundur- Gleráarkirkja-SSS)  
Ein fulltrúi var við matseld fyrir þátttakendur á æfingu í Giljaskóla  
Samtals voru 17 leikarar úr röðum sjálfboðaliða, staðsettir í flugstöð og í SSA

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Tímasetning æfingar brást, finna þarf ástæðu fyrir því og koma í veg fyrir að það endurtaki sig.

Nauðsynlegt að greiningarsveit, First-responder hópur og fyrstihjálparhópur björgunarsveitar séu meðvituð um þekkingu og færni, þannig mætti stuðla að árangursríkri samvinnu. Æskilegt er að fara yfir þetta með fulltrúum hópa og einnig af fara yfir þann búnað sem greiningarsveit hefur til umræða þannig að þekking sé á því.

Æskilegt að farið sé yfir tilfelli, flokkun, greiningu, mat og meðferð eftir æfingu til að læra af því.

Skráning á greiningarspjöld var ábótavant, yfirleitt fyllt út GCS en annað vantaði, Barna-stika verður að vera til taks strax. Þekking á spjöldum þarf að vera betri.

Skrifa þarf First-responder hóp í áætlun, til að fara á SSS og hafa útkall þeirra þannig að þeir mæti svo fljótt sem auðið er, þannig mætti tryggja að aðhlyningarstjóri (AHS) fái sem fyrst vitneskju um hversu marga First-responder hann hefur til vinnu á SSS ásamt öðrum sjálfboðaliðum frá RKI.(bls 67 8.1.18 Rauði krossinn)

Æfing sem slík er kjörið tækifæri til að læra og leiðbeina, gott væri að hafa leiðbeinanda sem hefði því hlutverki að gegna á æfingu að fara um, ræða við þá sem eru í aðhlyningu slasaðra og leiðbeina þeim.

Í æfingu var skrifað að RK ætti að sinna og fylgja grænum, tveir sjálfboðaliðar fóru af stað þegar að beiðni kom, þá voru „grænir“ búnir að vera í u.þ.b. klukkustund í rútu fyrir utan SSS og einhverjir inni á SSS í alltof

litlu rými miðað við fjölda þeirra. Í Fjöldahjálparstöð komu 37 grænir, pirraðir á biðtíma í rútu, svangir, þyrstir.

Við flutning á björgum sem kallað var eftir þ.e dýnum og teppum var 20 mín bið við MÓT, þar var ekki vitað hver hefði óskað eftir þessum búnað frá Rauða krossinum og því fóru byrgðir (þ.e. dýnur og teppi) inná SSS ekki fyrr en eftir talsverða bið. Of margir leikarar voru of ungir og börn ættu ekki að vera í þessum hópi. Nota mætti dúkkur og e.t.v. fá leikara til að vera í hlutverki sem börn. Ófrísk kona var í hópi leikara, umhugsunarvert.

Drykkjarstöð hefði verið gott að hafa fyrir þá er unnu á SSS sem og fyrir leikara sem þurftu að fá hressingu.

Leikarar sem komu á SSS voru sumir farnir að „kólna“ blautir í fætur og nötrandí.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

NB í flugslysaáætlun fyrir Akureyrarflugvöll útgáfu 3.0-02.04.2013 8.1.18 Rauði krossinn Neyðarstig.

Setja inn Rauða kross fólk, First responder hópur og aðrir sjálfboðaliðar sent til aðstoðar á söfnunarsvæði slasaðra. Sama á við um Neyðarstig - sjór.

#### **5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.**

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Fjöldahjálparstjóra námskeið var haldið að vetri 2013.

Fundað var með sjálfboðaliðum tvisvar fyrir æfingu og nafnalista uppfærðir.

Farið var í skólana sem skráðir eru fjöldahjálparstöðvar, farið yfir búnað og nafnalistar starfsfólks uppfærðir. Farið var í Gleráarkirkju sem er skráð fjöldahjálparstöð fyrir aðstandendur.

First-responder hópur fór í æfingabúðir til æfinga og upprifjunar.

Á mánudegi fyrir æfingu var fundur í Viðjulundi 2 með sjálfboðaliðum þar sem farið var yfir hlutverk, skráningu, sálræna skyndihjálp og fleiri þætti.

Á mánudegi fyrir æfingu hittust einnig First-responder liðar og fóru aftur yfir greiningarspjöld og fleira.

Farið var yfir búnað deildar s.s teppi og dýnur fyrir æfinguna sem og uppfærð neyðarvarnartaska sem fór með sjálfboðaliðum út í söfnunarsvæði í Gleráarkirkju.

Sóttir voru fundir sem boðað var til í tengslum við æfingu t.d hjá AST(2 fulltrúar) og hjá Samráðshóp áfallahjálpar í umdæmi lögreglunnar á Akureyri.(2 fulltrúar) Rauða kross vestin komu vel út.

Fjarskipti með TETRA gengu vel.

Við vinnu á SSS voru munnleg samskipti greið, samvinna góð.

Greiðlega gekk að opna og skrá í SSA, þar mættu húsvörður og þrír prestar.

Fjöldahjálparstöð í Viðjulundi var opnuð og tekið á móti 37 „grænum“ þar sem hlúð var að þeim andlega og líkamlega.

Sjálfboðaliðar sem voru í flugstöð báru starfsfólki flugstöðvar góð orð, umhyggjusamir, almennilegir, kurteisir og buðu uppá hressingu. Einn úr leikarahópi komst í tvígang út á flugbraut í átt að vettvangi. Leikurum var bent á að fara í Gleráarkirkju þangað myndu allar upplýsingar berast en ekki í flugstöð, var þeim boðið að hringt yrði á TAXA fyrir þau !!!

Leikarar sem fóru frá flugstöð í SSA upplifðu það að upplýsingar sem þau fengu í SSA voru ekki í samræmi við það sem þau sáu og leiddi það til frekara uppnáms, styrkir enn frekar það að upplýsingar sem berast og gefnar eru verða að vera réttar...

Á SSS voru flestir meðvitaðir um málfar sitt, ef ekki voru þau áminnt af „kollegum“ ekki nota dauður, heldur látinn, dáinn. Ekki haus heldur höfuð, ekki lappir heldur fætur.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Í ljósi atburðar ítreka enn og aftur... tryggja eigið öryggi, tryggja öryggi !!!!! ekki síður á æfingu.

Gott væri að aðhlyningarstjóri hefði hjálpartæki (nefni flautu sem dæmi) sem auðveldaði honum að ná athygli allra fljótt og örugglega í SSS.

Gott að hafa birgðastjóra.

Spurning hvort að hægt væri að aðhlyningarstjóri hefði mann í skráningu fyrir sína hönd.

Ekki þægileg aðstaða að vera einn við móttöku hins slasaða inn á greiningarborð, flutningsmenn þurftu að fara strax..

Við brottflutning frá SSS æskilegt að tveir hefðu það hlutverk, talning og fara yfir að skráning á spjöld væri fullnægjandi.



## Flugslýsaæfingin Akureyri 2013- Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

**Rauði krossinn, fjöldahjálp, aðstandendur, aðhlyning - Jón Brynjar Birgisson og Guðný Björnsdóttir**

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Rauði krossinn við Eyjafjörð.

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

JBB var í fjöldahjálparstöð og SSA, GB var á SSS.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Við vorum ekki ánægð með leikaramál í þetta skipti. Þegar fjöldinn er svona mikill þarf að dreifa komutíma. Biðin varð fulllöng hjá mörgum. Rauði krossinn lýsir sig reiðubúinn nú sem endranær að aðstoða við leikaramál þegar þörf er á aðstoð.

Fundirnir á fimmtudegi og föstudegi voru ekki nægilega vel skipulagðir. Það er óþarfi að kalla fólk saman þegar dagskrá er í raun nánast engin. Hægt hefði verið að slá saman fimmtudags- og föstudagsfundinum.

Umfang æfingarinnar hefði þurft að liggja fyrir mun fyrr en í sömu viku og æfingin var haldin.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Rauða kross fólk var óþarflega fámennt enda er hér um að ræða eina fjölmennustu deild utan höfuðborgarsvæðisins. Fámennið kom illa niður á aðhlyningu grænna á SSS. Þeir fengu nánast enga aðhlyningu allan tímann enda var allt hjálparlið (þ.á.m. RK fólk) upptekið við aðhlyningu rauðra og gulra.

Beiðni aðhlyningarstjóra um aukamannskap barst aldrei til stjórnstöðvar Rauða krossins á Akureyri. Einhverjum samskiptaörðugleikum milli VST og AST er væntanlega um að kenna.

## 5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Heimamenn tóku mikið frumkvæði í undirbúningi og gerðu ráðgjöfum afskaplega auðvelt fyrir.

Við erum í heildina mjög ánægð með undirbúninginn. Það mátti varla sjá að átta ár séu liðin frá síðustu æfingu á Akureyrarflugvelli.

SSA er sjaldan æft svo vel sé. Á þessu varð þó undantekning á æfingunni á Akureyri. Nokkur fjöldi leikara tók að sér að vera aðstandendur þannig að Rauða kross fólk og prestar fengu nokkuð raunhæfa æfingu.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Skyndihjálparhópur Rauða krossins er í dag orðinn ákaflega vel þjálfður faghópur. Mikið reyndi á þekkingu og færni hópsins á SSS og stóð hann algjörlega undir væntingum.

Sjálfbóðaliðar og prestar á SSA leystu verkefnið svo vel af hendi að undirrituð munu nýta lærdóminn í viðbragðsáætlanir Rauða krossins vegna þjónustu við aðstandendur í kjölfar hópslysa.

Rólegt var í fjöldahjálparstöðinni nánast allan tímann.

## Flugslysaæfingin Akureyri 2013 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

**Samráðshópur áfallahjálpar í umdæmi lögreglunar á Akureyri  
- Ingibjörg Ingimundardóttir og Guðný Bergvinsdóttir**

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Samráðshópur áfallahjálpar í umdæmi lögreglunnar á Akureyri.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

FSA og fórum einnig á SSA í Glerárkirkju.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Við setningu æfingar er þörf fyrir að kynna hóp og hlutverk hans. Merking á þessum hóp t.d. vesti í ákv. lit á landsvísu með merkingu. Þarf að auðkenna hópinn. Það kom ekki útkall á hópinn en hópstjóri fékk símtal frá fulltr. R.K.Í í AST ath. útkallslista hjá 112. Upplýsingaflæði um umfang slysis kom ekki til hópsins, spurning hvort hópinn ætti að eiga eina TETRA stöð til að geta fylgst með framgang mála. Aldur leikara: Allt of mörg börn í hópnum. Börn undir 18 ára aldri taki ekki þátt, töluvert var um að börnum væri brugðið og liði illa. Mikil ábyrgðarhluti að hafa þungaðar konur í leikarahópnum og mælum við með að það verði ekki gert í framtíðinni. Okkur finnst æskilegt að virkja starfsmenn Höfðakapellu í Akureyrarkirkju. Felldir voru niður fyrirlestrar á föstudeginum sem við vildum að hefðu verið fluttir þar sem talsvert var um nýtt fólk sem hefði haft gott af því að hlusta á þessa fyrirlestra. Æskilegt er að farið sé yfir æfinguna með leikurum eftir æfingu til að „normalísera“ með þeim og hlusta á líðan þeirra. Nokkrar athugasemdir varðandi Flugslysaáætlun Akureyrarflugvallar: Sjúkrahúsið á Akureyri er skammstafað „SA“ en ætti að vera „FSA“ (veldur ruglingi). Betra væri að finna nýja staðsetningu fyrir SSL, okkur finnst ekki heppilegt að nota sandgeymslu. Á bls. 37 í flugslysaáætlun er talað um FHS, staðsetning er röng. Hún er í tilgreindum skóla hverju sinni. Flugslysaáætlun (bls70) samræmist ekki viðbragðsáætlun almannavarna, (bls. 18 grein 3.7.2)

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Staðsetning hópsins við útkall (kennslustofa FSA) var mjög góð. Gátlisti sem hópinn gerði kom sér mjög vel. Tveir fulltrúar úr hópnum vorum með VIP aðgangspassa og gátu þ.a.l. miðlað reynslu sinni. Við fengum frábæran stuðning og leiðsögn frá Margréti Blöndal í SST.

## Flugslýsaæfingin Akureyri 2013 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

**Slysa- og bráðamóttaka Sjúkrahússins á Akureyri – Pálmi Óskarsson**

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Slysa- og bráðamóttaka, Myndgreiningardeild, Rannsóknadeild, Tölvudeild, Framkvæmdastjórn FSA.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Í hlutverki Stjórnanda læknis á bráðamóttöku.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningshópur, sem skipaður var innanhúss á FSA, annaðist skipulag móttökunnar á sjúkrahúsinu, og var ekki í sambandi við undirbúningsnefnd flugslýsaæfingarinnar nema að mjög litlu leyti; f.o.f. síðustu tvo dagana fyrir æfingu. Fengum ekki upplýsingar um tilfellið fyrirfram, aðallega hvort „sjúklingar“ yrðu með gervikennitölur. Það hefði komið sér vel fyrir skráningu inn á sjúkrahúsið.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Upplýsingar sem viðbragðsstjórn, og þar með starfsliði á bráðamóttöku, bárust voru í nokkrum tilvikum rangar eða misvísandi. Einkum var óþægilegt að fá rangar upplýsingar um fjölda sjúklinga í þyrlu. Sjúkrabíll með tvo rauða sjúklinga birtist óforvarandis. Geta sjúkrahússins til að taka á móti rauðum sjúklingum var gróflega ofmetin. Alls komu inn tíu rauðir sjúklingar, sem er óraunhæf tala. Fjórir eða fimm er hámark. Hugsanlega má rekja þetta til misskilnings milli viðbragðsstjórnar FSA og vettvangsstjórnar. Send var greiningarsveit frá sjúkrahúsinu á vettvang. Talsverð bið varð á að sjúklingar færu að berast á bráðamóttökuna, og þar beið stór hópur starfsfólks (20-30 manns). Hægt hefði verið að senda 2 greiningarsveitir í viðbót á vettvang, sem hefðu síðan tekið með sér 1-2 sjúklinga hvor upp á sjúkrahús, og þannig nýst bráðamóttökunni jafn vel eftir sem áður. Sent var eftir greiningarsveit frá LSH, sem er nauðsynlegt, en hægt hefði verið að huga að möguleikum á svæðinu.

## 5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Eftir því sem forsvarsmenn Slys- og bráðamóttöku geta dæmt, var undirbúningur almennt í ágætu lagi, upplýsingar um skipulag lágu snemma fyrir.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Eins og fyrr segir var staða okkar á Slys- og bráðamóttöku svolítið önnur, þar sem við vorum ekki á vettvangi. Okkur þótti ágæt hugmynd að nota þylu til flutninga af söfnunarsvæði slasaðra.



## Flugslýsaæfingin Akureyri 2013 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

**Sjúkrahússið á Akureyri - Viðbragðsstjórn - Hildigunnur Svavarsdóttir**

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Viðbragðsstjórn Sjúkrahússins á Akureyri

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Á slysa- og bráðamóttöku sjúkrahússins þar sem viðbragðsstjórn hefur aðsetur.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Við hefðum getað undirbúið okkur betur m.t.t. eyðublaða sem viðbragðsstjórn notar við skráningu. Erum fróðari nú eftir æfinguna hvers konar eyðublöð við þurfum og vinnum að því að ganga frá slíku s.s.

- Eyðublöð til að fá upplýsingar frá deildum um laus pláss, rýmanleg pláss o.fl.
- Stöðu á skurðstofu / gjörgæslu
- Útkallslista þ.e. hverja er búið að kalla út og hverja á eftir að kalla út.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

- Nýta má mannauðinn betur á slysa- og bráðamóttökunni en um 15 manns beið eftir fyrstu sjúklingum af vettvangi á meðan vitað var að greiningarsveitin og aðhlyningarstjóri höfðu í nægu að snúast. Huga þarf að betri nýtingu einkum þegar vettvangur er nálægt sjúkrahúsinu. Hefði verið hægt að senda hóp frá okkur á vettvang og koma með fyrstu sjúklingunum.
- Upplýsingar um umfang slyss bárust of seint til viðbragðsstjórnar. Svo virtist sem samhæfingarstöð hefði þessar upplýsingar löngu áður þar sem þegar var búið að senda af stað flugvél og greiningarsveit frá RVK áður en viðbragðsstjórn á sjúkrahúsinu var kölluð út.
- Þar sem augljóst var að þurfti loftbrú þá gekk of seint að koma þeim flugkosti sem til staðar var í æfinguna.
- Sjúkraflugslæknir ekki nýttur – beið tiltækur á sjúkrahúsinu á meðan vitað var af loftbrú til Reykjavíkur og búið var að tilkynna að sjúkraflugslæknir væri mættur. Einhver misbrestur á boðun frá 112 til sjúkraflugslæknis. Hann var nýttur í meðferðateymi á slysa- og bráðamóttökunni á meðan. Blóðbanka samskiptin þarf að endurskoða. Í svona tilfellum þarf útteiling á þeim aðföngum að vera í höndum samhæfingarstöðvar þar sem flytja þurfti svo marga sjúklinga til RVK og ekki gekk að tæma allar birgðir þangað norður. Þetta virtist þó ekki virka sem skyldi.
- Einhvers staðar var leki í upplýsingafærðu sem þarf að skoða – við fengum t.d. 10 rauða sjúklinga þegar við í raun gátum bara tekið 4 – 6 og vorum oft búin að tilkynna það.

## 5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Tilgangurinn var að æfa það sem miður fór á æfingunni þann 30. nóvember sl. og má segja að það hafi gengið nokkuð vel og sjúkrahúsið nú í stakk búið til að endurskoða viðbragðsáætlun sína.


Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Almennt gekk vel að æfa það sem við vildum æfa þ.e. skráningu á slysa- og bráðamóttöku, samskipti við myndgreiningar- og rannsóknadeild og innbyrðis samskipti.

Viðbragðsstjórn náði einnig að fínstilla samskipti / vinnubrögð sín á milli.

Prófuðum að nota „tímaskráningar“ kerfi (með gulum miðum) til að koma upplýsingum á framfæri og munum við þróa áfram þá leið til boðskipta.

Fjarskipti gengu greiðlega fyrir sig þ.e. tæknilega en eins og áður hefur verið nefnt þá var einhvers staðar skortur á flæði upplýsinga. Virtist sem ekki hefði verið stjórn á fráflæði sjúklunga frá uppsöfnunarsvæði slasaðra.



## Flugslýsaæfingin Akureyri 2013 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

**Flugturninn Á Akureyri – Sigurjón Jónasson**

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Í flugturninum.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Nýr gátlisti var tekinn í notkun stuttu fyrir æfingu. Þar var ekki gert ráð fyrir að flugturn myndi sækja upplýsingar um fjölda farþega. En eins og við var að búast var turninn strax spurður hversu margir væru um borð. Lagt er til að turninn sjái um að finna þessar upplýsingar og koma til skila til björgunaraðila.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

AV\_NL\_2 rásin á Tetra var of mikið notuð. Ekki var pláss til að koma að sendingum vegna þess hve margir voru á henni og hversu mikið þeir þurftu að tala. Einnig var erfitt að ná á Vettvangsstjórn og virtist sem þar væri flöskuháls í talviðskiptum. Þyrlan beið oft mjög lengi eftir fyrirmælum frá Vettvangsstjórn og einu sinni í 8 mínútur með slasaðan mann um borð. Á þeim tíma hefði hún getað farið og komið aftur.

Þegar vél var að aka út á braut til flugtaks var séð um að rýma leiðina af ökutækjum, en um leið og hún ók af stað komu gangandi björgunaraðilar yfir flughlaðið í veg fyrir vélina og voru ekki með talstöðvar.

Lögregla (AST?) hringdi og sagði turni að skipta yfir á NL\_1. Það var ekki samkvæmt skipulagi og hefði átt að ræða eftir æfingu. Lögregla kvartaði svo yfir því að turn væri ekki að svara (á NL\_1?).

### 5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Æfingin og skipulag hennar var vel kynnt á undirbúningsfundi. Vel unnið.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Boðun gekk vel. Flugvallabjónustan snögg á staðinn og snögg að byrja að slökkva elda. Almennt virtist æfingin ganga vel fyrir sig frá turni séð.



## Flugslysæfingin Akureyri 2013 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

Vettvangsstjórn – Kristján Kristjánsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Lögregla, Björgunarsveitir, Slökkvilið

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Vettvangsstjórn

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

*Undirbúningur væri markvissari ef skipuð væri 2-4 manna æfingastjórn.*

*Ef þyrfa á að vera með í æfingunni þarf að hætta öllum vangaveltum um að hafa það eitthvað hliðsetta æfingunni. Það þarf að hafa hana undir stjórn VST eins og skipulagið gerir ráð fyrir og skipuleggja frá upphafi með það í huga. Það á ekki að vera val Vettvangsstjóra frekar en annað sem hann þarf að sinna. Gott væri ef ráðgjafi VST kæmi strax inn í undirbúning með þyrluna.*

*Of stuttur tími áætlaður í skrifborðsæfingu.*

*Of lítil tími áætlaður í að undirbúa sjúklinga.*

*Vantar betri almenna þekkingu á SÁBF.*

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

*Hefði þurft að kynna fyrir þeim sem þátt tóku í æfingunni hvað verið væri að æfa varðandi þyrluna þ.e. lestun, losun og samskipti við VST.*

*Vettvangsstjórn hefði fyrr þurft að athuga með að fá meiri bjargir með því að hafa samband við AST.*

*Þar sem illa gekk að fá tölur hefði vettvangsstóri þurft að senda mann og kanna hvernig talningu væri háttað.*

*Athuga þarf með að linka saman Tetra og VHF til að VST sé í beinu sambandi við þyrluna. Þarf að æfa til að reynsla komist á þetta.*

*Verkþáttastjórar hefðu mátt vera í meiri samskipum sín á milli.*

## 5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur æfingarinnar var hefðbundinn.

Æfingin heilt yfir gekk vel og var ekki annað að sjá en allir viðbragðsaðilar hefðu mikinn áhuga á þessu og hefðu kynnt sér áætlunina vel.

Gott var að fá uppgæfið hver væri vettvangsstjóri með góðum fyrirvara þannig að hægt var að senda honum fræðsluefni og ræða við hann um verkefnið með góðum fyrirvara.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Vettvangsstjóri stóð sig mjög vel og hafði kynnt sér áætlunina vel og var með góða stjórn á sínu fólki í VST .

Mjög mikill áhugi hjá öllum og jákvæðni fyrir verkefninu sem skilaði sér í að úrlausn verkefnisins gekk vel.

Samskipti VST við verkþáttastjóra gengu almennt vel þrátt fyrir mjög mikið álag á fjarskiptum.

Uppsetning og aðstaða VST mjög góð.



## Flugslysæfingin Akureyri 2013 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

Gæslustjóri – Eggert Magnússon

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Lögreglan á Akureyri

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Með Gæslustjóra

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

*Á heildina litið fannst mér æfingin vel skipulögð og vel að undirbúningi og upplýsingagjöf staðið. Hafa ber þó í huga að vel verður að skýra markmið æfingar og verður þá að setja æfinguna upp í samræmi við það, ef æfa á samkvæmt heilstæðri áætlun verður að reyna að láta reyna á sem allra flesta þætti sem áætlunin á að taka á svo sem eins og t.d. rannsóknir og gæslu. Hvetja verður viðbragðsaðila, rannsóknaraðila og eftirlitsaðila að taka sem mest og sem oftast þátt. Gera verður svona heilstæðar æfingar áhugaverðar og aðlaðandi fyrir sem flesta sem geta og ættu að taka þátt, þá helst auka áherslu á rannsóknir og gæslu. Mikilvægt er að björgunaraðilar kynnist því að æfa við þær aðstæður að þessum verkþáttum sé fylgt eftir og jafnframt að taka þátt í þeim.*

*Björgunaraðilar verða að vita hvað verkþættir lögreglunnar, gæsla og rannsókn fela í sér. Hver ber ábyrgðina, hvernig verklag sé og hvernig þessi atriði snúa að þeim. Sama á við um þá sem sjá um gæslu, rannsóknir og eftirlit – þeir aðilar verða að kynnast samstarfi við björgunaraðila.*

*Leggja mætti meiri áherslu á skrifborðsæfingar daginn fyrir eiginlegan æfingardag, skrifborðsæfingar eru vel til þess fallnar að skýra verklag og verksvið verþáttastjóranna, vettvangsstjórnar og aðgerðarstjórnar. Skrifborðsæfingar eru líka vel til þess fallnar að láta reyna á viðkomandi viðbragðsáætlun og komast að því hvar hugsanlegir flöskuhálsar eða samskiptaörðuleikar geta myndast.*

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Heilt yfir gekk gæslustjóra og aðstoðarmanni hans mjög vel og þeir náðu fljótt góðri yfirsýn yfir verkefnið í heild sinni og aðstæður á vettvangi.

Betur hefði mátt skipuleggja umferðarskipulag innan flugvallarsvæðisins og þá sérstaklega þar sem flutningstæki komu að SSS frá SLY. Skipulagið kom fyrir rest en það var helst vegna manneklu að erfiðlega gekk að koma skiplaginu á. Björgunarstarfsmenn og aðrir þurfa að vera tilbúnir að taka að sér verkefni sem fela í sér beina aðstoð við lögreglu eins og t.d. við umferðastjórn og gæslu. Hugmynd er að lögregla eða jafnvel flugvallarstarfsmenn komi sér upp umferðakeilum og færanlegum merkingum sem nota má til að auðvelda umferðarstjórnun innan vettvangslokana.

Gæslustjóri þarf að tryggja að rannsóknaraðilar fari inn á slysavettvanginn strax og björgunarstjóri tilkynnir vettvang öruggan fyrir björgunarlið og tryggja þarf að gæslustjóri sé í samskiptum við rannsóknaraðila og björgunarstjóra varðandi rannsókn á slysavettvangi.

Björgunarlið þarf að fylgja fyrirmælum og tilmælum sem gefin eru af gæslustjóra og lögreglu er varðar rannsókn, umferðarskipulag og gæslu. Smá misbrestur var á þessu í tengslum við umferðarskipulag á SLY og við SSS.

Lögreglulið ekki nógu fjölmennt, t.d. hefði „talningarstjórinn“ þurft að hafa með sér einn eða fleiri lögreglumenn til aðstoðar á SSS vegna talningar og hugsanlega ef reynir á vörslu rannsóknarhagsmuna á því starfssvæði.

#### **5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.**

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Á heildina litið fannst mér æfingin vel skipulögð og vel að undirbúningi og upplýsingagjöf staðið. Ég var ánægður með að slysavettvangurinn gaf rannsóknaraðilum færi á að æfa sig og láta reyna á samstarfa björgunar og rannsóknaraðila, en betur má ef duga skal.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Gæslustjóri hafði aðstoðarmann með sér og var það að virka mjög vel. Gæslustjóri setti í forgang að setja lögreglumenn á SSS til að fylgja eftir talningu þolenda og úthlutaði því verkefni til sérstaks „talningarstjóra“ sem sá um að uppfræða hann um talninguna.

Gæslustjóri var frekar fljótur að ná yfirsýn yfir verkefnið og fylgjast vel með því hvar álagið væri mest og flutti hann sig á milli starfssvæða eins og hentugast var hverju sinni.

Gæslustjóri fylgdi ákveðið eftir þeim upplýsingum sem hann vildi koma til skila og einnig þeim beiðnum sem hann sendi til VST. Gæslustjóri var í stöðugum samskiptum við aðra verkþáttastjóra.

## Flugslysaæfing Akureyri 2013-Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

**Uppsetning slysavettvangs – Eðvald Lúðvíksson, Óskar Karlsson, Grétar Karlsson, Veigar Þ. Guðbjörnsson, Haraldur Jakobsson, Rúnar Þórmundsson og Einar M. Jóhannesson.**

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Flugvallarþjónusta (slökkvi og björgun). Slökkvilið Akureyrar. Lögreglan. Björgunarveitir og sjúkraflutninga menn.

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Vorum á slysavettvangi

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

*Flugþjónustumenn: Það má þjálfra menn reglulega á bíl (Bensinn) sem kemur frá slökkviliði Akureyrar, einnig má brýna fyrir mönnum að fara efir öryggisreglum þegar menn eru að nota klippur og annan búnað til að komast inní flak. Þegar fyrstu menn komu að flaki til að klippa þá var einn maður hjálmlaus og ætlaði að nota exi til að fara í gegnum toppinn, og það var enginn að hughreysta eða hugsa um að vera hjá þolendum inní flakinu, það verður að láta þolendur vita hvað er verið að gera í tíma svo fólk verði ekki hrætt, þetta er bara punktur sem við vitum að verður lagaður næst. Það hefði mátt senda annan slökkvibílinn í klippuverk og hinn í eld no 3 en ekki báða eins og var gert því stóri slökkvibílinn réði vel við eldinn í síðasta flakinu, þegar kemur að því að fylla á slökkvibíl af vatni þá er nóg að senda einn mann og nota hinn við önnur verkefni. Það kom í ljós að það var eiturefni um borð, menn mættu gæta betur að árás á slíkan eld, kannski vantaði meiri upplýsingar við erum ekki vissir um það. Það mætti útbúa gátlista fyrir björgunarstjóra, það er mikið á hans könnu svo gátlisti kæmi sér vel.*

Slökkvilið Akureyrar: Fyrstu menn komu 11:11 og þá tekur björgunarstjóri yfir vettvanginn, Það er ein ábending um að björgunarstjóri var ekki nægilega sýnilegur á vettvangi . Það kom í ljós að það var eitrefni um borð og það hefði mátt koma fyrr hverslags eitrefni þetta var, slökkviliðsmenn biðu nokkuð lengi hjá björgunarstjóranum út af þessu, okkur fannst slökkviliðsmenn hefðu getað farið fyrr inná slysavettvang og byrjað að bráðaflokka og hjálpa fólki, bráðaflokkun hófst ekki fyrr en upb. kl 11:35 en þetta er reyndar alltaf matsatriði björgunarstjóra. Björgunarstjóri hefði eða hans aðstoðarmaður mátt setja upp söfnunarsvæði slasaðra til hliðar og aðeins fjær slyssaðnum , björgunarsveitarbílar og sjúkrabílar fóru alltof nálægt slyssaðnum til að ná í slasað fólk. Slasaðir voru flokkaðir og settir beint inní sjúkrabíla eða björgunarsveitarbíla. Staðin fyrir að bera alla slasaða inná söfnunarsvæði slasaðra, og flytja þá eftir hvernig þeir voru flokkaðir í burtu og sjúkrabílar og björgunarsveitarbílar gætu þannig myndað hringakstur að svæðinu og frá því.

Lögreglan var að biðja slökkviliðsmenn kl 11:14 um að finna brak og annað úr vélini og halda því til haga , það má kannski benda á þessum tímapunkti er ekki ráðlegt að nota slökkviliðsmenn í svona aðgerðir, lögreglan má líka nota gjallarhorn ef hún vill koma skipunum yfir stóran hóp af mönnum.



## 5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

### Flugvallarþjónusta:

Æfingin byrjaði kl 11:00. fyrsti bíll (Man) kom að fyrsta eldi kl 11:02:27 og byrjaði að sprauta léttvatni og lagði síðan handlínu.

Seinni bíll (Bens) kom kl 11:02:57 að eldi í flaki no 2 og voru búnir að slökkva með monitor og handlínu kl 11:08:00.

Eldur no 3 var slökktur með Man og Bens kl 11:12:00

Í heildina gekk þetta mjög vel hjá Isavia mönnum, nokkur atriði sem er búið að nefna, veit ég verða lagaðir.

### Akureyrar Slökkvilið:

Þegar menn fóru í að bráðaflokka gekk það mjög vel, eins voru menn sendir í klippuverk og að slökkva elda og gekk það mjög vel.

Í heildina gekk þetta mjög vel hjá þessum aðilum, það er alltaf nokkur smá atriði sem má laga, björgunarstjóri var nýr í þessu hlutverki og í heildina gekk þetta vel hjá honum, það má kannski benda á að það væri gott fyrir björgunarstjóra að vera með gátlista um þau atriði sem hann verður að gera þegar hann kemur á vettvang. Svo kemur þetta allt með meiri reynslu.

Samvinna á milli slökkviliðs Isavia og SA gekk mjög vel, sérstaklega samvinna á milli björgunarstjóra SA og björgunarstjóra Isavia, þeir skiptu með sér verkefnum, björgunarstjóri sá um samband við verkþáttastjóra og vettvangsstjórn og björgunarstjóri Isavia sá um slökkviliðsmenn á vettvangi.

Flugmenn og flugfreyjur voru notuð í þessa æfingu og það sást greinilega hversu mikið fagfólk þetta er, þau voru búin að tæma Dornier hlutann á upb. 7mínútum og fóru svo í að tæma fremri partinn allt þetta gekk mjög vel, það var það eina sem mætti setja út á að þau komu fólkinu fyrir of nærri brakinu og undan vindi sem hefði átt að vera öfugt.

Lögreglan fór í að rannsaka vettvanginn ásamt öðrum atriðum og gekk það vel fyrir sig.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Björgunarsveitir komu á vettvang og unnu ötullega á vettvangi við hlið slökkviliðsmanna í að fjarlægja slasað fólk með sýnum bílum og einnig að hlúa að slösuðu fólki.

## Flugslysæfing Akureyrarflugvelli 2013- Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

**Flutningsstjóri - Björgunarsveitir – Friðfinnur Freyr Guðmundsson**

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Flutningsstjóri kom frá svæðisstjórn svæði 11/Björgunarsveitir á æfingunni voru: Sútur bjsv. á Akureyri, Dalbjörg, Dalvík, Svalbarðseyri og Grenivík og svæðisstjórn svæði 11.

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

SSS, SLY, MÓT

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

*Gefa meiri tíma í skrifborðsæfingu og eftirvinnslu hennar.  
Fara varlega í að bæta inn á vettvang atriðum sem gætu tafið úrlausn verkefna þar eins og eiturefni, nema að markmið æfingarinnar sé að æfa þann þátt. Úrbætur að hafa skýr markmið með hvað á að æfa á æfingunni og jafnvel fyrir hvern verkþátt fyrir sig.*

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

*Bjargir sem fara á SLY koma ekki til baka á SSB, Flutningsstjóri þarf að eiga fulltrúa á SLY sem vinnur með björgunarstjóra.  
Nota ætti björgunarsveitarbíla meira í flutning milli SLY og SSS en sjúkrabíla frá SSS á sjúkrahús betri festingar sjúklinga eru í sjúkrabílum. Til athugunar fyrir flutningsstjóra.  
Fjarskiptaskipulag var ekki að virka, óvissa verkþáttastjóra hvort þeir ættu að nota uppgefna talhópa við sitt „staff“ eða hópar í þeirra umsjá ættu að vera á þessum talhópum, hópar voru á víð og dreif í fjarskiptakerfinu. Endurskoða skipulag  
Allir aðilar sem tækifæri haf til eiga að fylla inn á greiningarspjöld til að byggja upp upplýsingar um þann slasaða smátt og smátt. Upplýsa um þennan tilgang kortanna.  
Skýra betur fyrir VST og verkþáttastjórum hvernig samskiptin eiga að fara fram og hver þau eiga að vera. Almenn kennsla gæti bætt þetta.  
Persónubúnaður á vettvangi var ekki í lagi hjá öllu, Vinnuhjálmar úr almannavarnarbúnaðinum eru ekki viðeigandi búnaður.  
Merkingar verkþáttastjóra þarf að uppfæra og vera til hjá öllum viðbragðsaðilum.*

#### 5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Vettvangur var krefjandi.

Þátttaka áhafnar flugvélar var áhugaverð viðbót.

Æfingar þessar góður vettvangur fyrir aðila til að efla tengsl.

Fyrir SL er þetta góður vettvangur til að sjá stöðu sveita og eiga samskipti við sveitir, taka á áhersluatriðum í skipulagi aðgerða.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Þjörgunarsveitir vel merktar

Öryggisbúnaður almennt í lagi en áhersla var lögð á það fyrir æfingu.

Samskipti og samvinna var góð.

Búnaður sveita almennt góður.



## 1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni) - Ráðgjafi/ar:

### Rýnifundur – Bjarni Sighvatsson

#### Æfingastjóri, Kristján Torfason, Isavia.

Ég varð var við það að á tímabili myndaðist dálítið kaos á æfingunni en auðvitað verður það einnig í raunverulegu slysi að svipað ástand myndast um tíma. Engu að síður voru menn fljótir að ná tökum á ástandinu og leysa úr vandamálum.

#### Aðgerðastjóri, Daníel Guðmundsson, vfirmörglupjónn.

Aðgerðastjórnin starfaði í húsnæði lögreglunnar en þar er hennar aðsetur. Stjórnin vann eftir því fyrirkomulagi sem æft var á skrifborðsæfingunni í gær. Óskað hafði verið eftir því að aðgerðastjórn fengi aðgang að eftirlitsmyndavél Isavia á Akureyrarflugvelli til þess að geta haft nokkra yfirsýn yfir vettvang en það reyndist ekki hægt einkum vegna öflugra vírusvarna hjá báðum aðilum. Vinnu við að mynda tengingu lauk þó, eftir æfinguna þannig að í framtíðinni getur aðgerðastjórn fylgst með atburðum utanhúss á Akureyrarflugvelli gefist tilefni til þess. Fram kom að flutningstæki vantaði en ástæða þess er stærð slyssins. Við höfum æft 40-50 manna slys sem þokkalega hefur tekist að ráða við en þetta var þotuslys með 90 um borð og í ljós kom að það var umfram getu. Aðgerðastjórn fékk ekki upplýsingar um alvarleika/umfang slyss. Þá hefði verið hægt að bregðast fyrir við og hefja könnun á aðkomu bjarga víðar af landinu og eins bjarga á svæðinu sem ekki eru á viðbragðsskrá svo sem marga starfandi lækna sem starfa utan spítala. Nokkur ruglingur varð vegna aðkomu þyrlunnar. Samskiptaleysi við hana, engir til að taka við sjúklingum úr henni á FSA, skortur á upplýsingum og fleira. Þetta var þó æfingarlegs eðlis. Ég vil nota tækifærið og þakka öllum þeim sem komu að æfingunni kærlega fyrir þeirra þátt. Það eru mörg ár síðan slík æfing hefur verið haldin á Akureyri og margt breyst frá síðustu æfingu. Það var því kominn tími á æfingu og enn og aftur kærar þakkir.

#### Vettvangsstjóri, Hermann Karlsson, varðstjóri hjá lögreglunni á Akureyri.

Vettvangsstjórn ákvað að koma saman á nýjum stað það er á annarri hæð flugþjónustu á Akureyrarflugvelli og við hliðina á söfnunarsvæði slasaðra (SSS). Gafst þessi staðsetning mjög vel. Eins og eðlilegt er myndaðist mikið kaos í fyrsta fasa æfingarinnar á meðan hinir ýmsu hópar voru að finna sér stað eða koma sér fyrir en ástandið lagaðist fljótlega. Okkur fannst standa uppúr skortur á mannskap í söfnunarsvæðin og stærð „slyssins“ sýndi okkur að líklega er stærð svona slyss komin yfir þær bjargir sem eru til á staðnum. Þegar útkall rauður berst þá ætti að vera skrifað í áætlun að sendir séu strætisvagnar á flugvöllinn. Þeir geta gagnast á marga vegu og þá sérstaklega ef eitthvað er að veðri. Skoða þarf fjarskipti milli vettvangsstjórnar og flugturns og hvort hafa þurfi sér talhóp eða aðra lausn til samskipta milli þessara aðila að minnsta kosti ef vettvangsstjórn á að stjórna aðgerðum þyrlunnar. Vegna álags á talhóp þá náði vettvangsstjórn hreinlega ekki að kalla í turninn á stundum og því erfitt að hafa stjórn á þyrlunni og verkefnum hennar. Það var aldrei farið yfir þolmörk okkar í álagi. Allir lærðu mikið af þess lært og gagnað af æfingunni var ótvírætt.

#### Björgunarstjóri, Ólafur Stefánsson, varðstjóri Slökkviliði Akureyrar:

Útkallið var öðruvísi en við erum vanir. Það kom ekki í kallkerfi slökkvistöðvarinnar heldur aðeins í SMS. En til stendur að breyta Tetra stöðvum okkar þannig að SMS boðin komi líka í þær og sú lausn væri fín. Sumum fannst nokkuð seint ganga að hleypa greiningarsveitum á svæðið en ástæðan var meðal annars sú að við fengum fréttir af fosfór sem væri í vélinni og þorðum ekki að hleypa fólki að fyrr er í ljós kom hvar hann var

staðsettur. Þegar skriður komst að aðgerðir þá gekk þetta ótrúlega vel. Gríðarlegt álag var á talhópnum sem ég var á og oft kom ég alls ekki boðum til vettvangsstjórnar vegna álags. Ég hafði mér til aðstoðar björgunarstjórnann á flugvellinum. Hann sá um vinnutalhöpinn og gagnaðist þessi vinnu tilhögun mjög vel. Eftir að hyggja þá hefði komið sér vel að vera merktur sem aðgerðastjóri en vestið skilaði sér aldrei til mín. Erfitt var að koma upp söfnunarsvæði á SLY vegna þess hve dreifður vettvangurinn var. Ég hefði átt að koma upp slíku svæði og staðsetja þar flutningsbíla á því svæði þar sem flestir sjúklingar voru

**Aðhlyningarstjóri, Björk Jóhannsdóttir, bráðahjúkrunarfræðingur, slysadeild FSA.**

Ég kom mér strax upp aðstoðarmanni og fjarskiptamanni enda er þetta ekki verk eins manns. Greiningarsveitinni (FSA) sem fór á vettvang þótti vanta fleiri á vettvang til þess að greina sjúklinga. Fannst í raun óþarfi að nota lækna á staðnum heldur gætu „hver sem er“ séð um greiningu fyrir flutning á söfnunarsvæði. Greiningarsveitin kom því seint í hús (SSS) til þess að fara að sjá um alvöru greiningu og fyrstumeðferð. Ég fékk nokkra „first responder“ frá Rauða krossinum til vinnu, lítið af björgunarmönnum, síðan greiningarsveitina. Ég skipaði stjórnendur við greiningarborð og á lituðu svæðin. Það hrúguðust rauðir inn á SSS en greiningarsveitin var ennþá á SLY og allt of fáar hendur á söfnunarsvæðinu. Ég fékk aldrei vesti sem átti að einkenna mig en setti upp húfu í þeirri von að ég þekktist á henni. Fjarskiptin voru mjög erfið. Talhópurinn þar sem aðeins verkþáttastjórar og vettvangsstjórar var notaður óspart og erfitt að komast að. Þarna þarf að skoða af hverju svo margir voru að nota þennan talhóp. Sumir dásama þetta húsnæði (SSS á flugvellinum) en ég vil komast eitthvert annað. Þetta er engan vegin boðlegt fyrir svona fjölda. Á tímabili voru til dæmis þrjátíu grænir á pínulítilli kaffistofu á neðri hæðinni. Ég ætla ekki að hljóma neikvæð en það vantaði stærra húsnæði. Það er nánast allt húsnæðinu til þess að þjónusta þolendur á SSS. Þetta húsnæði er engan vegin að virka sem söfnunarsvæði slasaðra. Ég vil hrósa því aðstoðarfólki sem ég fékk til aðstoðar bæði Rauðakross og björgunarfólki. Það stóð sig ofsalega vel og tók sitt hlutverk alvarlega og hrós skilið fyrir að koma þessu fólki í gegn um söfnunarsvæðið á þessum tíma.

**Gæslustjóri, Jóhann Olsen, lögreglan á Akureyri:**

Lögreglumenn voru allt of fálíðaðir. Það tók smá tíma að koma á umferðarskipulagi innan vallar en tókst vel á endanum. Flugturn svaraði aldrei kalli þegar við reyndum að fá leifi fyrir akstri á braut. Fannst dálítið undarlegt að allt í einu kom flugvél akandi með fram SSS án þess að nokkur hefði hugmynd um að slíkt stæði til. Fjarskipti milli verkþáttastjóra gengu vel.

**Flutningastjóri, Halldór Halldórsson, úr svæðisstjórn björgunarsveita, svæði 11:**

Ég var með aðstoðarmann sem sá um fjarskipti og einnig skipaði ég mann yfir MÓT. Oft kom það fyrir að ég sendi menn á einhvern stað í ákveðin verkefni en þeir fundu ekki stjórnanda á svæðinu. Ástæðan er alger skortur á merkingum stjórnenda. Sjúkrabílar á vettvangi voru í því að flytja rauða frá SLY yfir á SSS. Ég hafði enga stjórn á þeim og þar af leiðandi ekki möguleika á að senda rauða frá SSS upp á FSA. Það að einhver stjórn mótöku sjúklinga á SSS. Aðhlyningarstjóri hefur að sjálfsögðu nóg að gera en einhver þarf að stjórna flæði sjúklinga inn að greiningu. Skrifborðsæfingin í gær var góð. Mikið álag var á Tetra Av-NL-2 og erfitt að komast að.

**Rauði krossinn, Sigurður Ólafsson formaður neyðarnefndar RKA, aðstandendur og fjöldahjálpi:**

Að okkar mati gekk æfingin vel þótt það drægist úr hópi að hún færi í gang. Fjarskiptin gengu vel amk. innan okkar hóps þökk sé Tetra sem við höfðum ekki á síðustu æfingu.

Minniháttar hnökrar komu í ljós á söfnunarsvæði aðstandenda í Glerárkirkju svo sem netaðgangur og skráningu á þeim sem þangað leituðu. Þeir sem léku aðstandendur létu finna vel fyrir sér. Beiðnir um aukin mannskap á SSS barst svo seint að ekki var hægt að verða við henni.

**Uppsetning vettvangs, Eðvald Lúðvíksson ráðgjafi, Isavia:**

Samvinna milli björgunarstjóra á vellinum og Slökkviliðs Akureyrar var mjög góð. Ætlar ekki að nota þennan stað til þess að fara yfir plúsa og mínusa en æfingin var góð. Vill fyrir hönd þeirra sem sáu um uppsetningu vettvangsins þakka öllum þeim sem að æfingunni komu og þeir höfðu samskipti við, kærlega fyrir góða viðkynningu og ánægjulega samvinnu.

**Hildigunnur Svavarsdóttir, formaður viðbragðsstjórnar FSA:**

Við ætluðum að taka þátt í æfingunni á okkar eigin forsendum þar sem við eru nýbúin að vera með stóra æfingu en þetta var mikil og góð lærdómsreynsla fyrir okkur þar sem við gátum lagað ýmislegt sem miður fór síðast. Við sáum strax frá upphafi að umfang slyssins var langt umfram okkar getu og að í ljósi þess að brautin var opin þyrfti að koma á loftbrú til flutninga á sjúklingum og björgum. Neyðarflugslæknirinn okkar beið á slysamóttöku allan tímann eftir verkefni en hann hafði verið kallaður út af Neyðarlínunni. Upplýsingar sem við létum frá okkur fara um hve marga sjúklinga við vildum fá í fyrstu skiluðu sér ekki og við fengum fleiri en við réðum við. Það olli dálítilli ringulreið þegar rauðir sjúklingar birtust algerlega án okkar vitundar og þarna var samskiptaleysi á ferðinni. Við þurfum að endurskoða aðferðafræðina þegar, eins og til dæmis í þessari æfingu sem var fimm mínútur frá okkur, að mörg teymi bíða upp á sjúkrahúsi þegar allt er á hvolfi á slyssað og á söfnunarsvæði. Líklega væri nær að senda fleiri frá FSA út á flugvöll, vinna þar amk. í fyrsta fasa aðgerða og síðan gæti okkar fólk fylgt sjúklingum upp á FSA þegar hentaði. Þetta gæti bætt nýtingu á okkar mannauði. Innra starfið hjá okkur gekk vel og við náðum að lagfæra ýmislegt frá síðustu æfingu hjá okkur og því má segja að æfingin hafi gagnast okkur vel.

**Flugturninn, Sigurjón Jónasson flugumferðastjóri, Isavia:**

Varðandi sambandsleysi við okkur þá fengum við tvö símtöl frá lögreglunni um að breyta talhópum en ákváðum að gera það ekki en vera áfram á þeim talhópi sem fjarskiptaskipulagið gerir ráð fyrir. Þetta gæti skýrt kvartanir um sambandsleysi. Frá okkar sjónarhorni í turninum þá gekk æfingin vel fyrir sig, við vorum nokkuð sátta og lærðum mikið í dag.

**Rannsóknarnefnd flugslysa, Ragnar Guðmundsson:**

Við vorum í heild ánægðir með æfinguna. Ég var í miklum vandræðum með að finna björgunarstjóra og á endanum fór ég inn á svæðið til að sinna mínu starfi án samráðs við hann. Hann var ómerktur og það er mjög mikilvægt að stjórnendur séu áberandi og merktir. Flugritar fundust fljótt og beindi lögreglan okkur að þeim. Það vantaði að björgunarstjóri afhenti vettvanginn formlega til okkar í lok æfingarinnar.

**Samráðshópur áfallahjálpar, Ingibjörg Ingimundardóttir:**

Samráðshópur áfallahjálpar í umdæminu er kallaður saman þegar umfangið atburðarins er það mikið að almannavarnarástand ríkir. Hópurinn fékk ekki boð frá Neyðarlínunni en á endanum fékk ég beiðni frá aðgerðastjórn um að kalla hópinn saman. Við höfum fengið margar spurningar um tilgang þessa hóps og klárlega þarf að kynna það fyrir viðbragðsaðilum. Þetta er í fyrsta skipti sem hópurinn tekur þátt í æfingu sem var okkur

mjög lærdómsríkt. Sérstaklega viljum við þakka Margréti Blöndal sem var í SST fyrir hennar leiðsögn.

**Æfingastjóri, Kristján Torfason, Isavia:**

Nokkrar umræður hafa farið fram í dag um notkun þyrilu á æfingunni. Ég tek á mig hafi notkun hennar komið á óvart. Auðvitað er ekki raunhæft að flytja sjúklinga frá flugvelli upp á FSA. Gæslan hefur tekið þátt í mörgum flugslysaæfingum bæði fyrir æfingarnar sjálfar og svo eru þeir einnig að æfa sig. Það er skortur á upplýsingum frá okkur um tilgang hennar í æfingunni sem valdið hefur nokkrum misskilningi um tilveru hennar hér í dag.

**Óskar Karlsson, ráðgjafi, umsjón vettvangs, Isavia:**

Sagðist ekki koma í pontu sem talsmaður ráðgjafa heldur af löngun til þess að þakka þeim sem hann hafði unnið með að undirbúningi æfingarinnar. Þó langaði honum sérstaklega að hrósa leikurunum fyrir þeirra þátt. Þeir hefðu vaknað fyrir allar aldir, beðið klukkustundum saman á meðan á förðun stóð og voru hreint ótrúlega jákvæðir og skemmtilegir unglingar. Þá vil ég ekki síður hrósa foreldrum sem voru með börnin sín og stóðu sig með eindæmum vel. Nýtt fyrir mér var að alvöru flugfreyjur tóku þátt í æfingunni. Þeirra hlutverk var að koma farþegum út úr reykfylltri flugvél. Vinnubrögð þeirra voru aðdánarverð og hef ég aldrei séð annað eins. Ég lærði helling af þessu og þetta er búið að vera gaman og lærdómsríkt. Takk fyrir mig.

**Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra, Rögnvaldur Ólafsson:**

Ég lifði rólegan dag staddur í aðgerðarstjórn. Fylgdist með öllum fjarskiptum og heyrði að það svigrún til þess að bæta fjarskiptaskipulagið. Endilega sendið athugasemdir og eða ráð varðandi það sem bæta má og breyta. Flugslysaáætlunin er ykkar áætlun sem við ritstýrum og endilega komið með athugasemdir til bóta. Vestismál stjórnenda hafa verið á döfinni að minnsta kosti í tíu ár og vonandi tekur það ekki önnur tíu að klára málið. Takk fyrir ánægjulega og lærdómsríka æfingu og fyrir samskiptin.

**Leikaramál, Vigdís Agnarsdóttir, Isavia:**

Hetjur æfingarinnar eru tvímælalaust leikararnir. Þeir mættu klukkan sjö í morgun og eru búinn að vera að í meira en sjö klukkutíma. Þau voru látin fylla út matsblað að lokinni æfingunni og þrátt fyrir að vera bæði þreytt og pirruð voru ummæli þeirra yfirleitt mjög jákvæð. Ákveðin ábending kom frá leikurum sem lentu í því að vera föst í flaki og lentu í klippuvinnu björgunarmanna. Þið eruð að bjarga fólki. Upplýsið það um hverjir þið eruð, hvað þið ætlið að gera og hvernig þannig að við séu undirbúinn látunum sem fylgja því þegar flak er klippt og skorið.

**Sýslumaður, Björn Jósep Arnviðarson:**

Þakkaði öllum þeim sem að æfingunni komu fyrir þeirra þátt og kvað marga hafa lagt mikið af mörkum og sú reynsla færi í þekkingarbrunn sem vonandi yrði miðlað áfram. Hann endurtók þakkir og kveðjur og sleit æfingunni formlega.